skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

TAL
GERÐU OKKUR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
24. janúar 2011
119. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Á ferðalagi um Evrópu

Hljómsveitin Bloodgroup ferðast nú um Evrópu og lék fyrir tvö þúsund námsmenn í Portúgal.

fólk 30

Rannsakar psoriasis

Jenna Huld Eysteinsdóttir rannsakar psoriasismeðferð í Bláa lóninu.

tímamót 16

Úrslitaleikur í dag

Strákarnir verða að vinna Spánverja á HM í handbolta í dag ætli þeir sér í undanúrslitin.

sport 26

veðrið í dag

ÁFRAM HLÝTT Í dag hvessir er líður á daginn, einkum NV- og V-til. Búast má við súld með köflum víða S- og V-lands en austantil verður nokkuð bjart og úrkomulítið.

VEÐUR 4

Tveir af þremur vilja halda ESB-umsóknarferli áfram

Rúmur þriðjungur landsmanna vill draga aðildarumsókn að ESB til baka og hætta viðræðum samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Stuðningur við að ljúka viðræðunum eykst hjá stuðningsmönnum VG.

KÖNNUN Nærri tveir af hverjum þremur landsmönnum vilja að aðildarviðræðum við Evrópusambandið verði lokið og samningur lagður í þjóðaratkvæðagreiðslu, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Rúmur þriðjungur vill að umsóknin verði dregin til baka.

Heldur hefur fjölgað í hópi þeirra sem vilja ljúka viðræðum við ESB frá því Fréttablaðið kannaði síðast afstöðu fólks í september í fyrra.

Nú vilja 65,4 prósent ljúka viðræðunum en 64,2 prósent voru þeirrar skoðunar í september. Um 34,6 prósent vilja draga umsóknina til baka, samanborið við 35,8 prósent í september í fyrra.

Í könnuninni sem gerð var í september virtist sem talsverður viðsnúningur hafi orðið þegar niðurstöðurnar voru bornar saman við könnun sem MMR gerði fyrir vefsíðuna Andríki í júní í fyrra.

Samkvæmt könnun MMR vildu þá 57,6 prósent landsmanna draga aðildarumsóknina til baka. Könnun Fréttablaðsins í september mældi mikla breytingu á afstöðu fólks. Afstaðan virðist lítið hafa breyst síðan.

Afstaða til ESB-viðræðna

Könnun Fréttablaðsins 19. janúar 2011

Aukinn stuðningur er meðal stuðningsmanna allra flokka við að ljúka aðildarviðræðunum. Aðeins meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins vildu fleiri draga umsóknina til baka en ljúka viðræðunum. Um 50,9 prósent vildu stöðva viðræðurnar en 49,1 prósent ljúka viðræðunum.

Stuðningur við að ljúka viðræðunum er mestur innan Samfylkingarinnar. Innan samstarfsflokksins í ríkisstjórn, Vinstri grænna, vilja nú 67,2 ljúka viðræðunum, 3,6 prósentustigum fleiri en í september. - bj / sjá síðu 4

BARIST VIÐ ELDINN Mikill eldur braust út á Gufunesbryggju um klukkan 18 í gær. Tvær deildir slökkviliðsins voru kallaðar út og fengu þær aðstoð hafnsögubátsins Magna við slökkvistarfið, sem gekk að greiðlega og var að mestu lokið á tíunda tímanum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Gufunesbryggja logaði:

57 ára bryggja eldi að bráð

ELDSVOÐI Mikill eldur kom upp í Gufunesbryggju um klukkan 18 í gær. Tvær deildir slökkviliðsins voru sendar á staðinn og var slökkvistarfi að mestu lokið á tíunda tímanum í gærkvöldi. Hafnsögubáturinn Magni var kallaður á vettvang og var vatni sprautað úr vatnsdælum bátsins á logandi bryggjuna.

Um tíma var óttast að eldurinn logaði undir bryggjunni og var slökkviliðsmaður í flotgalla sendur á bát undir bryggjuna til að meta stöðuna. Talið er að kviknað hafi í út frá rafmagni.

Gufunesbryggjan þjónaði Áburðarverksmiðjunni á Gufunesi og var byggð árið 1954. Allri efnaframleiðslu var hætt árið 2001 en verksmiðjan hefur starfsleyfi til 2019. Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð og landfyllingum út í sjó á þessu svæði í framtíðinni.

Flutningaskip lagðist síðast að Gufunesbryggju árið 2006. - sv

Fulltrúar stéttarfélaganna vara fólk við að fjalla um vinnu sína á samskiptasíðum:

Barnshafandi konum sagt upp eftir stöðufærslur á Facebook

VINNUMARKAÐUR Nokkur dæmi eru um það að konur hafi misst vinnuna eftir að hafa tilkynnt að þær væru barnshafandi á Facebook-síðum sínum áður en þær tilkynntu vinnuveitendum sínum það formlega. Vinnuveitendurnir hafi í kjölfarið sagt þeim upp störfum.

„Ef uppsögnin á sér stað á undan formlegri tilkynningu er nánast ómögulegt að sýna fram á að uppsögn sé með óeðlilegum hætti," segir Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs VR. Þar hafa komið upp nokkur mál af þessu tagi. Ólöglegt er að segja upp barnshafandi konum en í þessum málum er erfitt að sanna að vinnuveitendur hafi haft vitneskju um málið. „Það er búið að eyðileggja málið áður en það kemur til okkar. Þetta eru þannig mál að viðkomandi er í mjög erfiðri stöðu." Ekkert þessara mála hefur verið formlega skoðað hjá stéttarfélaginu, að sögn Elíasar.

> Almennt hvetjum við félagsmenn okkar til þess að fjalla ekki um vinnu sína á Facebook.
>
> **HARPA ÓLAFSDÓTTIR**
> SVIÐSSTJÓRI HJÁ EFLINGU

Harpa Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjaramála hjá Eflingu, segir að mál af þessu tagi hafi einnig komið á borð stéttarfélagsins. „Eins og þessu var lýst var atvinnurekanda kunnugt um að viðkomandi starfsmaður væri orðinn barnshafandi og með þá vitneskju er honum óheimilt að segja honum upp."

Harpa segir að einnig beri meira á því að fólk setji ósæmilegar athugasemdir í tengslum við vinnu sína á Facebook og sé sagt upp í kjölfarið. „Almennt hvetjum við félagsmenn okkar til þess að fjalla ekki um vinnu sína á Facebook." Elías tekur í sama streng og segir Facebook mjög varasamt og fólk skuli alltaf hugsa sig vel um áður en færslur séu settar þar inn. - þeb

SPURNING DAGSINS

„Sigríður, var þetta frumsýningarhelgi dauðans?“

„Nei, þetta var heldur frumsýningarhelgi lífsins.“

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir er höfundur leikritsins Helgi dauðans sem frumsýnt var á laugardag. Leikhópurinn Hugleikur setur upp verkið, sem sýnt er í húsnæði hópsins að Eyjarslóð.

Forsætisráðherra Íra hefur boðað til kosninga í mars næstkomandi:

Írska stjórnin á brauðfótum

DUBLIN, AP Írski Græningjaflokkurinn hætti í gær stuðningi við ríkisstjórn Brian Cowen forsætisráðherra. Úrsögn flokksins úr ríkisstjórn eykur enn þrýsting á Cowen að segja af sér embætti en hann hefur boðað að kosningar skuli fara fram hinn 11. mars næstkomandi.

Ríkisstjórn Cowen hefur eftir helgina ekki lengur stuðning meirihluta þingmanna, auk þess sem einungis sjö af fimmtán ráðuneytum eru nú mönnuð. Búist er við því að stjórnarandstaðan knýi fram að kosningar fari fram strax í næsta mánuði.

COWEN KVEÐUR Ríkisstjórn Brian Cowen hefur misst meirihluta sinn á írska þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

John Gormley, leiðtogi Græningja, segir að flokkurinn muni styðja fjárlagafrumvarp sem þingið fjallar nú um en telji sig nú að öðru leyti til stjórnarandstöðunnar.

Alþjóðlega fjármálakreppan sem hófst árið 2008 hefur leikið írska hagkerfið grátt og hefur ríkisstjórn Cowens neyðst til að grípa til sársaukafullra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Vinsældir Cowens og flokks hans, Fianna Fáil, eru nú í sögulegu lágmarki en Cowen sagði í síðustu viku af sér sem formaður flokksins. Hann sagði við það tilefni að flokkurinn þyrfti á nýrri forystu að halda fyrir kosningabaráttu, hann sjálfur væri of umdeildur. - mþl

Tjáði sig ekki um Icesave:

Neitar orðum Árna og Davíðs

STJÓRNSÝSLA Mervyn King, bankastjóri Englandsbanka, vísar á bug fullyrðingum Árna M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, og Davíðs Oddssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra, á þá leið að King hafi sagt við Davíð að bresk stjórnvöld myndu ekki gera kröfu um greiðslu vegna Icesave.

Breska blaðið Guardian greindi frá þessu í gærkvöldi. Að auki var haft eftir talsmanni King að hann hefði mánuðum saman hvatt Íslendinga til að minnka bankakerfið hér á landi árið 2008. - mþl

Hakkarar réðust á ESB-síðu:

Þjóð.is varð fyrir tölvuárás

TÆKNI Vefsíðan Thjod.is varð fyrir tölvuárás í á laugardag. Á síðunni mátti finna viðtöl við fjölda ólíkra einstaklinga sem svara því hvers vegna Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið. Lá hún þá alfarið niðri í kjölfarið.

KOLFINNA BALDVINSDÓTTIR

Kolfinna Baldvinsdóttir, ein af forsvarsmönnum síðunnar, segir málið hafa litið illa út í fyrstu, en farið hafi betur en á horfðist.

„Líklega er hægt að ná öllum gögnunum aftur,“ segir hún. „Maður veltir því fyrir sér hvaða hagsmunir séu að baki hjá þeim sem gera svona lagað.“ Árásin kom frá GreenGeeks, hýsingarfyrirtæki í Bandaríkjunum. - sv

Þingmaður um njósnatölvu:

Umræðurnar eru hjákátlegar

ALÞINGI Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, segist oft hafa tengt tölvu sína með sama hætti og tölvuna sem fannst í tómri skrifstofu í skrifstofuhúsnæði Alþingis í fyrra. Hún segir umræðurnar um málið hjákátlegar.

MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR

Í tilkynningu á vefsíðu sinni í gær segist Margrét lítið vit hafa á njósnum, en sé þó viss um að það hljóti að vera til árangursríkari aðferð en að tengja tóma tölvu við net þingsins. Hún fer fram á afsökunarbeiðni vegna ásakana um að tölvan tengist Hreyfingunni. - sv

Brenna ekki sorp á skólatíma á Klaustri

Sorpbrennslu á Klaustri verður hætt á skólatíma vegna umræðu um mengun. „Börnin eiga að njóta vafans,“ segir sveitarstjóri. Íbúar fagna ákvörðuninni sem jákvæðu skrefi en sætta sig ekki við neitt annað en að sorpbrennslan fari.

UMHVERFISMÁL Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur í samstarfi við rekstaraðila sorporkustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri ákveðið að hætta sorpbrennslu á skólatíma. Íbúar á Kirkjubæjarklaustri lýsa ánægju sinni með ákvörðunina en vilji er til að ganga lengra og loka sorpbrennslunni endanlega.

Fréttablaðið greindi frá því 14. janúar að sorpbrennslan á staðnum, íþróttahúsið, sundlaugin, og grunnskólinn stæðu vegg í vegg. Aðeins eru um tuttugu metrar frá reykháf sorpbrennslunnar að sundlauginni, sama fjarlægð er í leiksvæðið við skólann og í loftinntak loftræstikerfisins fyrir samstæðuna. Mælingar á díoxíni árið 2007 sýndu að eitrið var 95-falt yfir viðmiðunarmörkum í útblæstri brennslunnar og önnur mengun hefur jafnframt mælst of mikil samkvæmt takmörkunum í starfsleyfi.

Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, segir í bréfi til Fréttablaðsins að Gámafélagið, sem rekur sorpbrennsluna, hafi verið beðinn um að athuga hvort mögulegt væri að seinka brennslu á daginn og var fallist á það. „Þannig vorum við að reyna að koma til móts við áhyggjur fólks og ekki síst að láta börnin njóta vafans á meðan við bíðum eftir nánari niðurstöðum úr mælingum á útblæstri stöðvarinnar. Okkur finnst við ekki geta lokað stöðinni eins og staðan er núna, en viljum gjarnan gera það sem við getum til að koma til móts við áhyggjur samborgara okkar og nágranna,“ segir Eygló, sem sendi foreldrum og öðrum íbúum á Klaustri bréf þessa efnis á fimmtudag.

SORPORKUSTÖÐIN Á KLAUSTRI Sorpbrennslan er samvaxin skóla, sundlaug og íþróttahúsi og er staðsetningin afar umdeild meðal íbúa á Klaustri. Myndin er tekin við opnun stöðvarinnar og í baksýn er skólinn. MYND/SIGURÐUR HJÁLMARSSON

Oddur Bjarni Thorarensen, byggingaverkfræðingur á Kirkjubæjarklaustri, ákvað að halda börnunum sínum heima vegna mengunar frá sorpbrennslunni, eins og Fréttablaðið sagði frá 14. janúar. Hann hefur ákveðið að senda börnin aftur í skólann vegna ákvörðunar um að hætta brennslu á skólatíma en fer ekki í grafgötur með þá skoðun sína að það dugi skammt. Staðsetning sorpbrennslunnar sé engan veginn viðunandi og hún þurfi að fara.

Kjartan Kjartansson, skólastjóri í Kirkjubæjarskóla, fagnar ákvörðuninni. Spurður hvort sorpbrennslan hafi ekki verið þyrnir í augum kennara og starfsfólks segir Kjartan að hann hafi verið í sambandi við Umhverfisstofnun og sóttvarnalækni og verið sannfærður um það af embættismönnum að mengunin væri undir hættumörkum. Hann hafi ekki haft forsendur til að rengja það en fagni því heils hugar að börnin á Klaustri séu látin njóta vafans um hvort umhverfi þeirra sé heilsusamlegt. svavar@frettabladid.is

Lést í slysi við Akureyri

Maðurinn sem lést á Eyjafjarðarbraut fimmtudaginn 20. janúar hét Gísli Ólafur Ólafsson, til heimilis að Vættagili 21 á Akureyri.

Gísli var 49 ára og lætur eftir sig eiginkonu, fjögur börn á aldrinum 8 til 28 ára og eitt barnabarn.

Gísli lést eftir að hann varð fyrir fólksbifreið þegar hann var að skokka á Eyjafjarðarbraut. Hann var fluttur með sjúkrabíl á Sjúkrahúsið á Akureyri en úrskurðaður látinn þegar þangað var komið.

Ögmundur sáttur við Icesave:

Reiknar með að styðja samning

EFNAHAGSMÁL Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir það samkomulag sem náðst hefur við Breta og Hollendinga í Icesave-málinu mun betra en það sem náðist fyrir rúmu ári. Hann reiknar að óbreyttu með að styðja samkomulagið.

ÖGMUNDUR JÓNASSON

„Það er fagnaðaratriði að við skulum ekki hafa látið glepjast til að ganga að því samkomulagi sem var á borðinu fyrir um ári,“ segir Ögmundur.

Farið verður yfir samkomulagið á Alþingi, en Ögmundur segir að nema fram komi efnisatriði sem hann hafi ekki orðið var við hingað til reikni hann með að styðja samkomulagið. - bj

Ísland kynnir ESB afstöðu sína til landbúnaðarmála á fundi í Brussel í dag:

Engin aðlögun fyrir samþykkt

EVRÓPUMÁL Samninganefnd Íslands kynnir íslenskt landbúnaðarkerfi og sérstöðu þess fyrir samninganefnd ESB á rýnifundi í Brussel í dag.

Þar verður ESB tilkynnt að ekki verði ráðist í efnislegar breytingar á íslenska kerfinu vegna aðildarferlisins, fyrr en þjóðin hefur samþykkt aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu, samkvæmt heimildum úr stjórnarráðinu.

Það að aðlögun hefjist ekki strax er í takt við bréf utanríkisráðherra til Bændasamtakanna í nóvember, en þau hafa svarað bréfinu með því að þar með telji þau staðfest að aðlögun að landbúnaðarstefnu ESB sé ekki á dagskrá. Bændasamtökin fóru í sama bréfi fram á að þessi afstaða Íslendinga yrði sérstaklega kynnt fyrir ESB og virðist utanríkisráðherra ætla að verða við því.

Á fundinum ættu svör landbúnaðarráðuneytis við spurningum ESB að verða lögð fram, en rætt hefur verið um meinta „ritskoðun“ utanríkisráðuneytis á þessum svörum, sem fjalla um byggðastefnu ESB og um hvenær ný landbúnaðarstofnun yrði sett á laggirnar, samkvæmt kröfum ESB. Heimildir herma að landbúnaðaráðuneyti hafi sagt í svörum sínum að ekki verði ráðist í þessi verkefni fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu og eftir að öll aðildarríki ESB hafa samþykkt aðild Íslands. Ráðuneytið mun síðar hafa fallist á að breyta svarinu þannig að miðað verði við þjóðaratkvæðagreiðsluna eina.

Í BRUSSEL Samninganefnd Íslands kynnir íslenskan landbúnað fyrir viðsemjendum sínum í Brussel í dag. NORDICPHOTOS/AFP

Svörin við tveimur fyrrgreindu spurningum verða lögð fram munnlega, ólíkt hinum spurningunum, segir heimildarmaður. Í herbúðum landbúnaðarráðherra ríkir því ákveðin tortryggni um hvort þau verði yfirleitt lögð fram, enda er þar talið að yfirlýsing um engar breytingar geti virkað „mjög stuðandi“ fyrir aðildarferlið.

Talið er að fulltrúi Bændasamtakanna muni fylgjast með rýnifundinum á morgun í gegnum fjarskiptabúnað utanríkisráðuneytis. - kóþ

Þorra-tilboð á pungum!

Vertu í góðu sambandi með 3G pung frá Nova.

20% afsláttur af þorrabökkum

Komdu við í næstu verslun Nova og fáðu 20% afsláttarmiða af þorrabakka fyrir tvo hjá Nóatúni.

3G pungur og netþjónusta

Þú velur áskrift eða frelsi!

Nova pungur:

6.990 kr.

1 GB: 990 kr. og 5 GB 1.990 kr.

Pungur 6.990 kr.: Gildir með 3G internet áskrift og frelsi hjá Nova. Velja þarf 1 GB eða 5 GB áfyllingu með pungnum í frelsi. Áfyllingin gildir í 30 daga.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

GENGIÐ 21.01.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,72	117,28
Sterlingspund	185,65	186,55
Evra	157,95	158,83
Dönsk króna	21,191	21,315
Norsk króna	19,971	20,089
Sænsk króna	17,604	17,708
Japanskt jen	1,4080	1,4162
SDR	181,42	182,50

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,8307
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Glitnir ábyrgðist sölu á bréfum Byrs fyrir 30 milljarða við stofnfjárútboð árið 2007:

Gat lækkað eiginfjárhlutfallið

DÓMSMÁL Glitnir ábyrgðist sölu á nýjum stofnfjárbréfum í sparisjóðnum Byr árið 2007 fyrir allt að 30 milljarða króna. Ef Byr hefði ekki tekist að selja almenningi bréfin hefði Glitnir sjálfur þurft að greiða milljarðana þrjátíu, með tilheyrandi lækkun á eiginfjárhlutfalli bankans.

Glitnir lánaði nokkur hundruð stofnfjáreigendum Byrs og Sparisjóðs Norðurlands rúmlega tíu milljarða króna í stofnfjárútboðum sjóðanna í lok árs 2007.

Íslandsbanki tók lánin yfir eftir fall Glitnis og krafði lántakana um

GLITNIR Hefði Glitnir ekki fengið fólk til að skrá sig fyrir stofnfé í Byr fyrir 30 milljarða hefði bankinn þurft að kaupa sjálfur mismuninn vegna sölutryggingar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

greiðslu. Þrír stofnfjáreigendur voru fyrir helgi sýknaðir af greiðslukröfum bankans í héraðsdómi og bera samkvæmt dóminum ekki persónulega ábyrgð á þeim lánum sem þeir fengu. Lánin voru tryggð með veði í stofnbréfunum.

Í dómunum kemur fram að Glitnir virðist hafa lánað til fólks án nokkurrar skoðunar í þessum útboðum. Skipti þar engu hvort um var að ræða börn eða háaldraða, nýstofnuð eignalaus einkahlutafélög með takmarkaða ábyrgð, eða jafnvel fólk á vanskilaskrá. - ha, bj

Rannsókn á árás Ísraelshers:

Máttu beita vopnum í skipi

ÍSRAEL, AP Ísraelskir sérsveitarmenn voru í fullum rétti til að beita skotvopnum þegar þeir hertóku tyrkneskt skip sem var á leið til Gaza í maí á síðasta ári, að mati ísraelskar rannsóknarnefndar. Níu féllu í árásinni.

Árásin var í fullu samræmi við alþjóðalög, að mati rannsóknarnefndarinnar. Sérsveitarmennirnir hófu skothríð eftir að skipverjar beittu teygjubyssum.

Tyrknesk rannsóknarnefnd sakar hermennina um óhóflega beitingu valds. - bj

EFINS Golli smakkaði á báðum síldum en vildi hvoruga gleypa. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Golli spáir í handboltann:

Spáir jafntefli gegn Spáni

HANDBOLTI Selurinn Golli, sem kom á land í Breiðdalsvík fyrr í vetur, spáir jafntefli í leik Íslands og Spánar á HM handbolta sem fram fer klukkan þrjú í dag.

Golli, sem hefur aðsetur á Fiskasafninu í Vestmannaeyjum, hefur þegar spáð rétt fyrir um úrslit í leikjum íslenska landsliðsins gegn Norðmönnum og Þjóðverjum.

Í þetta skiptið vildi Golli hvorki gleypa íslensku né spænsku síldina þrátt fyrir að hafa smakkað á þeim báðum, og lesa menn það út að leik Íslands og Spánar lykti með jafntefli. - mþl

BJÖRGUN

Um 50 manns leituðu konu

Björgunarsveitarmenn eru búnir að finna konu sem var villt í þoku á Helgafelli. Hún fannst við topp fjallsins og björgunarmenn eru að fylgja henni niður. Um fimmtíu manns tóku þátt í aðgerðinni.

Um þriðjungur vill draga umsókn að ESB til baka

Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks klofna í tvo jafna hópa í afstöðu sinni til þess hvort ljúka eigi aðildarviðræðum að ESB eða draga umsóknina til baka. Yngra fólk er hlynntara viðræðunum.

KÖNNUN Tæplega tveir af hverjum þremur sem tóku afstöðu í skoðanakönnun Fréttablaðsins á miðvikudag vilja ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn. Um þriðjungur vill draga aðildarumsóknina til baka.

Alls vilja 65,4 prósent halda viðræðum áfram, sem er örlítið hærra hlutfall en í könnun Fréttablaðsins 23. september síðastliðinn. Þá vildu 64,2 prósent halda áfram. Um 34,6 prósent vilja draga umsóknina til baka, örlítið færri en í september.

Í sambærilegri könnun sem MMR gerði fyrir vefsíðuna Andríki 8. til 10. júní í fyrra vildu 57,6 prósent draga aðildarumsóknina til baka.

Mikill munur er á afstöðu fólks eftir því hvaða flokk það myndi kjósa ef gengið yrði til kosninga nú. Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins skiptast í tvo jafna hópa. Alls vilja 50,9 prósent slíta aðildarviðræðunum, en 49,1 prósent halda viðræðunum áfram.

Færri sjálfstæðismenn vilja draga umsóknina til baka nú en í september í fyrra. Þá vildu 53,6 prósent draga umsóknina til baka, en 50,9 prósent eru þeirrar skoðunar í dag.

Hlutfallið er svipað meðal stuðningsmanna Framsóknarflokksins. Þar vilja 51,3 prósent halda viðræðunum áfram en 48,7 prósent slíta þeim. Fækkað hefur í hópi framsóknarmanna sem vilja slíta viðræðum, en 52,2 prósent voru þeirrar skoðunar í september.

Meirihluti stuðningsmanna Vinstri grænna vill halda aðildarviðræðunum áfram. Alls segjast 67,2 prósent vilja halda viðræðunum áfram en 32,8 prósent vilja slíta aðildarviðræðunum og draga aðildarumsókn Íslands til baka.

Í september vildu 36,4 prósent draga umsóknina til baka, og hefur því stuðningur við að ljúka viðræðum við ESB aukist meðal stuðningsmanna Vinstri grænna.

Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem myndu kjósa Samfylkingu vilja halda aðildarviðræðum við ESB áfram, alls 85,3 prósent. Um 14,7 prósent vilja draga umsóknina til baka. Um 16,2 prósent stuðningsmanna flokksins vildu draga umsóknina til baka í september.

Afstaða til aðildarviðræðna við Evrópusambandið

Spurt var: Hvort myndir þú heldur kjósa: 1) Að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu, eða 2) Að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn?



Könnun Fréttablaðsins 19. janúar 2011

Eldra fólk andvígara viðræðum

Hjá þeim þátttakendum í könnuninni sem ekki taka afstöðu til flokka, myndu skila auðu eða ekki fara á kjörstað vilja um 65,4 prósent halda umsóknarferlinu áfram en 34,6 prósent draga umsóknina til baka. Hlutföllin hafa lítið breyst frá því í september í fyrra, þegar 64,2 prósent vildu halda umsóknarferlinu áfram en 35,8 prósent vildu slíta því.

Yngra fólk er líklegra til að vilja halda aðildarviðræðunum áfram en þeir sem eldri eru. Alls vilja um 68 prósent fólks á aldrinum 18 til 49 ára ljúka viðræðunum, en 62 prósent fólks 50 ára og eldri.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 19. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvort myndir þú heldur kjósa: 1) Að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu, eða 2) Að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn? Alls tóku 87,5 prósent afstöðu til spurningarinnar. brjann@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

SV-ÁTTIR Hæð yfir Bretlandseyjum veldur því að veðrið breytist lítið hjá okkur þessa dagana. Áfram má búast við mildu, þungbúnu og vætusömu veðri á vestanverðu landinu en það verður úrkomulítið og bjart með köflum austantil. Áfram hlýtt í veðri.



Á MORGUN
5-10 m/s,
Hvassara austan til.

MIÐVIKUDAGUR
10-15 m/s NV-til,
annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	11°
Basel	7°
Berlín	1°
Billund	3°
Frankfurt	4°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	20°
London	5°
Mallorca	11°
New York	-6°
Orlando	20°
Ósló	1°
París	7°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA

BOÐIÐ UPP Á FJARKENNSLU

Sérfræðinám

Vorönn 2011

» MCITP Windows 2008 Server

MCITP námið undirbýr fyrir alþjóðlegar vottanir kerfisstjóra í Windows 2008 netstýrikerfum.

MCITP Server Administrator 2008 og
MCTS Exchange Server 2010.

Námsbrautin skiptist í fjóra áfanga:

- Windows Server 2008 Active Directory (70-640)
- Windows Server 2008 Infrastructure Services (70-642)
- Windows Server 2008 Server Administrator. (70-646)
- Windows Exchange Server 2010 (70-662)

Þegar komið er út á vinnumarkaðinn er mikilvægt að hafa hagnýta reynslu af viðfangsefninu. Þátttakendum er því gefinn kostur á að takast á við þriggja daga lokaverkefni úr námsefni annarinnar.

Boðið er upp á MCITP með og án Exchange 2010
MCITP – Lengd 195 std. Verð kr. 299.000.-
MCITP + Exchange 2010 – Lengd 250 std. Verð kr. 398.000.-

Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka úr hverjum áfanga.
Hefst 26. og 27. janúar. Dag og kvöldbekkir í boði.

ATH! Þeir sem skrá sig fyrir 25. janúar fá frítt á ráðstefnuna „Ert þú næsta fórnarlamb tölvuhakkara" sem verður haldin 10. febrúar. Sjá nánar: www.tolvuskolinn.is

Tölvuviðgerðir - Comptia A+ «

Eftirsótt og gagnleg alþjóðleg prófgráða frá CompTIA. Þetta nám hentar þeim sem vilja fá betri skilning á virkni tölvunnar, bæði hvað varðar vélbúnaðinn (A+ Core Hardware) og ýmis stýrikerfi (A+ OS Technologies)

A+ þekking er mjög góð undirstaða fyrir þá sem sinna viðhaldi og kerfisstjórn tölvubúnaðar hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Hefst 25. janúar - Lengd 50 std. Verð 99.000.-

Önnur sérfræðinámskeið framundan «

- Microsoft System Center Configuration Manager. Hefst 28. mars
- Basic administration in Citrix XenAppserver 6.0 Hefst 24. janúar
- .NET 3.5 forritunarnám þegar þér hentar. Hefst 9. febrúar
- Exchange Server 2010. Hefst 14. mars
- Microsoft System Center Operation Manager. Hefst 2. maí

Sjá nánar á vefnum okkar www.tsk.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

Cisco Námskeið - CCNA «

Cisco Certified Network Associate (CCNA) gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum.

Námsbrautin er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá CISCO. Um er að ræða mjög gagnlegt og áhugavert nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda.
Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunnþekkingu í tölvu- og netkerfum og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönnum sem vilja útvíkka þekkingu sína á netkerfum.

Lengd: 85 std Verð kr. 289.000,-
Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka.
Hefst 15. feb .

ATH! Þeir sem skrá sig fyrir 6. febrúar fá frítt á ráðstefnuna „Ert þú næsta fórnarlamb tölvuhakkara" sem verður haldin 10. febrúar. Sjá nánar: www.tolvuskolinn.is

MCTS Kerfisstjórnun - grunnur «

Hér er um að ræða nýtt námskeið sem er kjörið sem undirbúningur fyrir þá sem vilja læra rekstur minni netkerfa en ekki síður sem grunnur fyrir þá sem hyggjast síðar stefna á MCITP Server 2008 gráðuna.

Námið samanstendur af:

- Innleiðing og stjórnun á Windows Small Business Server 2008 (50 stundir)
- Uppsetning og rekstur á Windows 7 stýrikerfinu (30 stundir)
- Nethögun, uppsetning, stilling og bilanagreining netkerfa (15 stundir)
- Hópaskipt raunverkefni í lok námskeiðs (15 stundir)

Hefst 1. mars - Lengd: 110 std.
Verð kr. 149.000



CompTIA. Cisco Systems Microsoft SQL Server 2008

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is

KJÖRKASSINN

Hefur þú verið bólusett(ur) við svínaflensu?

Já 53,9%

Nei 46,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Tekur þú mark á spádómum dýra um úrslit íþróttaleikja?

Segðu þína skoðun á visi.is VÍSIR

Læknar hafa ráðlagt konum að verða barnshafandi til að losna við sjúkdóm:

Ranghugmyndir um legslímuflakk

ALÞINGI Dæmi eru um að læknar hafi ráðlagt ungum stúlkum að verða barnshafandi til að losna við legslímuflakk. Þetta kemur fram í greinargerð með þingsályktun þar sem lagt er til að ráðist verði í fræðsluátak um sjúkdóminn. Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokks, er flutningsmaður þingsályktunartillögunnar.

Legslímuflakk er króníska sjúkdómur sem orsakast af því að frumur úr innra lagi legsins finnast á öðrum stöðum í kviðarholinu en legholinu. Sjúkdómurinn er meðfæddur og virðist að verulegu leyti háður erfðum. Einkennin eru mikill sársauki við blæðingar, sársauki við egglos, verkir í kviðarholi á milli blæðinga, verkir við samfarir, þvaglát og hægðir, ófrjósemi og erfiðleikar á meðgöngu og við fæðingu.

EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Talið er að um tvö til fimm prósent íslenskra kvenna þjáist af legslímuflakki. Af því leiðir að á hverjum tíma eiga nokkur hundruð konur í vanda vegna sjúkdómsins.

Fram kemur í greinargerðinni að ranghugmyndir hafi lengi verið ríkjandi um legslímuflakk og upplýsingagjöf villandi. Í framhaldi fullyrðingar um ráðleggingar lækna um þungun er á það bent að meðganga, líkt og hormónameðferð, geti dregið tímabundið úr einkennum en lækni ekki sjúkdóminn.

Þá segir að heilbrigðisstarfsfólk skorti upplýsingar og þekkingu á legslímuflakki og er lagt til að heilbrigðisráðherra beiti sér fyrir fræðslu um sjúkdóminn. - bþs

Alvarlegt tilvik svínaflensu:

Konan er enn alvarlega veik

HEILBRIGÐISMÁL Ástand konunnar sem lögð var inn á gjörgæsludeild Landspítalans með svínaflensu fyrir helgi er svipað og það var fyrir helgi, samkvæmt upplýsingum frá lækni á gjörgæsludeild. Ástand hennar er stöðugt en hún er ennþá alvarlega veik.

Samkvæmt upplýsingum á vef Landlæknis var konan með undirliggjandi áhættuþætti sem auka líkur á alvarlegum veikindum af völdum inflúensunnar. Hún var hins vegar við góða heilsu áður en hún smitaðist af inflúensunni. - jhh

FARIÐ MEÐ PÓST Pósthúsið hefur fengið gæðavottun sem tekur til ýmissa þátta í rekstri.

Pósthúsið fær gæðavottun:

Deila þekkingu sín á milli

VIÐSKIPTI Pósthúsið í Garðabæ fékk í byrjun árs vottun samkvæmt ISO 9001:2008.

Staðallinn tekur til stjórnunar á gæðum og verkferlum, stjórn rekstrar, mannauðs, samskipta við birgja og þjónustustigs. Til dæmis felst í honum að starfsmenn séu virkir þátttakendur í umbótaferlum, deili þekkingu sín á milli og ræði vandamál sín hindrunarlaust.

Haft er eftir Hannesi A. Hannessyni, framkvæmdastjóra Pósthússins, að vottunin og ferlið í kringum hana sé eðlilegt framhald af því starfi sem unnið hafi verið innan fyrirtækisins. - jab

Vann 17 milljónir í Lottó:

Var með allar tölur réttar

SPIL Einn heppinn lottóspilari var með allar tölur réttar í lottóútdrætti kvöldsins og er rúmum 17,2 milljónum króna ríkari fyrir vikið. Vinningsmiðinn var seldur í Tvistinum í Vestmannaeyjum.

Þá var einn með fjórar tölur réttar auk bónustölunnar. Sá miði var seldur í Kaupvangi á Egilsstöðum. Hann fær tæpar 292 þúsund krónur í sinn hlut. - jhh

Vilja ekki auðlindamálin yfir í umhverfisráðuneytið

Skiptar skoðanir eru innan samtaka sem tengd eru atvinnulífinu um sameiningu ráðuneyta í atvinnuvega- ráðuneyti. Almenn andstaða virðist vera í atvinnulífinu um færslu auðlindamála til umhverfisráðuneytis.

FRÉTTASKÝRING

Hver er afstaða samtaka sem tengd eru atvinnulífinu til fyrirhugaðrar uppstokkunar á ráðuneytum?

Mikil andstaða er við það innan samtaka sem tengd eru atvinnulífinu að auðlindamál verði flutt yfir í umhverfisráðuneytið við fyrirhugaða uppstokkun á ráðuneytum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var þessi andstaða látin skýrt í ljós á fyrsta fundinum í samráðsferli stjórnvalda og átta samtaka atvinnurekenda á föstudag. Fundarmenn sem Fréttablaðið ræddi við voru flestir á því að búið væri að ákveða stóru drættina í sameiningarmálunum, en enn væri möguleiki að hafa áhrif á útfærslu.

Samkvæmt samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna stendur til að sameina iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið í eitt ráðuneyti; atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Samhliða því áforma stjórnvöld að færa auðlindamál, sem nú heyra undir iðnaðarráðuneytið, til umhverfisráðuneytisins. Í því felst meðal annars að ákvarðanir um nýtingu verði teknar í umhverfisráðuneytinu, og að stofnanir á borð við Hafrannsóknastofnun og Matís muni heyra undir það ráðuneyti í stað tilvonandi atvinnuvegaráðuneytis.

Á fundinn á föstudag mættu fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Bændasamtaka Íslands og Samtaka iðnaðarins auk annarra samtaka sem tengjast atvinnulífinu.

Mikill vilji var til þess meðal fundarmanna að taka þátt í samráðsferli, og verður næsti fundur væntanlega haldinn í dag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins virtust fundarmenn sammála í andstöðu sinni við að auðlindamálin yrðu færð undir umhverfisráðuneytið. Skiptar skoðanir voru hins vegar um sameiningu sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneytis í eitt ráðuneyti.

HAFRANNSÓKNIR Verði auðlindamál færð til umhverfisráðuneytisins munu stofnanir á borð við Hafrannsóknastofnun Íslands og Matís flytjast þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar

Frekari uppstokkun á ráðuneytum er ekki brýnasta verkefnið sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir, segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.

Ögmundur vill forgangsraða öðruvísi í starfi stjórnvalda og bíða með umræður um sameiningu ráðuneyta í eitt atvinnuvegaráðuneyti, þótt hann styðji flutning auðlindamála til umhverfisráðuneytisins.

Kenningar hafa verið uppi um að forystumenn ríkisstjórnarinnar vilji fara í sameiningu ráðuneytanna sem fyrst þar sem þar með muni Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hverfa úr ríkisstjórn. Hann hefur að mati margra samráðherra verið óþægur ljár í þúfu við aðildarviðræður að Evrópusambandinu.

Ögmundur segist ekki vilja dæma um hvort fyrirhugaðri uppstokkun á ráðuneytum sé beint gegn Jóni. „En því er ekki að neita að í huga margra er tenging þarna á milli, við verðum að horfa raunsætt á það.“ Hann segir ljóst að miklar deilur séu um Evrópumálin innan Vinstri grænna. Tengist uppstokkun ráðuneyta inn í þau mál eigi að stíga varlega til jarðar.

Bændasamtökin og útvegsmenn eru alfarið á móti sameiningu þessara ráðuneyta. Skiptar skoðanir eru innan aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins og hafa samtökin sem slík ekki myndað sér skoðun. Innan annarra samtaka úr atvinnulífinu er almennt stuðningur við slíka sameiningu.

brjann@frettabladid.is

Alvarlegt slys á æfingu á sirkustengdu atriði Íslenska dansflokksins á föstudag:

Enn haldið sofandi í öndunarvél

SLYS Líðan dansarans Steve Lorenz, sem lenti í alvarlegu slysi á æfingu Íslenska dansflokksins á föstudag, er óbreytt. Honum er enn haldið sofandi í öndunarvél.

Slysið varð með þeim hætti að við spunaæfingu á sirkustengdu dansverki var einn dansarinn að nota band sem fyrir slysni hertist að hálsi Steve. Í kjölfarið missti hann meðvitund og þurfti öndunaraðstoð í framhaldi.

„Þetta er mjög óvanalegt dansslys, en þetta sirkustengda dansverk skýrir það,“ segir Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins. „Honum er haldið sofandi til að takmarka skaða vegna súrefnisskorts. Þetta eru mjög færir læknar og það er bara verið að útiloka allt eins og reglur segja til um.“

Steve var fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans, þar sem honum er haldið sofandi á gjörgæsludeild.

Steve er frá Þýskalandi og er fastráðinn dansari í Íslenska dansflokknum. Hann er búsettur hér á landi ásamt íslenskri sambýliskonu sinni, sem er einnig fastráðinn dansari í dansflokknum.

Sýningu á Ofviðrinu var frestað vegna slyssins, en ekki er fyrirhugað að fresta fleiri sýningum. Nýr dansari mun leysa Steve af tímabundið. - sv

STEVE LORENZ Steve gekk til liðs við Íslenska dansflokkinn árið 2002 og var fastráðinn árið 2003. Unnusta hans er einnig fastráðinn dansari við flokkinn. MYND/CARINA MUSK-ANDERSEN

markhonnun.is

netto
Ódýrt fyrir heimilið!

25% afsláttur

SMART ENERGY NÆRINGARVÖRUR
ÝMSAR BRAGÐTEGUNDIR

SMART ENERGY™ POWERED BY LEPPIN

LEPPIN KOMIÐ Í NÝJAN BÚNING!

ÞAÐ ER HEILSUSPRENGJA Í NETTÓ!

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl

ÁVAXTASAFAR 1l
Epla-, appelsínu- eða mildur ávaxtasafi
159 kr/stk.
20% afsláttur
áður 199 kr/stk.

TÓMATSAFI
199 kr/stk.
áður 259 kr/stk.

GRAPESAFI
229 kr/stk.
áður 298 kr/stk.

GRÆNMETISSAFI
229 kr/stk.
áður 298 kr/stk.

TRÖNUBERJASAFI
298 kr/stk.
áður 359 kr/stk.

ANANASSAFI
229 kr/stk.
áður 298 kr/stk.

SVESKJUSAFI
298 kr/stk.
áður 359 kr/stk.

SMOOTHIE
600g – 3 TEG.
495 /pk.
áður 589 kr/pk.

BERJABLANDA
453g
299 kr/pk.
40% afsláttur
áður 498 kr/pk.

BLÁBER
340g
299 kr/pk.
25% afsláttur
áður 398 kr/pk.

HINDBER
340g
395 kr/pk.
34% afsláttur
áður 598 kr/pk.

JARÐARBER
454g
279 kr/pk.
30% afsláttur
áður 398 kr/pk.

Sci-MX NUTRITION
25% afsláttur af SCI-MX vörum

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

gildir meðan birgðir endast

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir Selurinn í Vestmannaeyjum sem spáir fyrir um úrslit í HM í handbolta?*

2 *Hvað heitir danski stórleikarinn sem leikur í sjónvarpsþáttaröðinni Pressu?*

3 *Íslenskur jarðfræðingur var á dögunum sæmdur doktorsnafnbót í heiðursskyni við Háskóla Íslands. Hvað heitir hann?*

SVÖR

1. *golli* **2.** *Bjarnie Henriksen* **3.** *Dr. Haraldur Sigurðsson*

Reykjavíkurborg lét rannsaka ljósin eftir að banaslys varð við Snorrabraut í desember:

Umferðarljósunum verður ekki breytt

SAMGÖNGUMÁL Ekki er ástæða til að gera breytingar á umferðarljósum við Snorrabraut, þar sem banaslys varð skömmu fyrir jól. Þetta er niðurstaða athugunar Reykjavíkurborgar.

Stefán Agnar Finnsson, deildarstjóri á umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar, segir að sérfræðingar hafi verið fengnir til að athuga ljósin eftir banaslysið í desember. Þá var ekið á gangandi vegfaranda sem lést. „Niðurstaðan var að þarna væri ekkert óeðlilegt," segir hann. Hins vegar sé málið rannsakað af rannsóknarnefnd umferðarslysa og ef þaðan berist athugasemdir vegna ljósanna verði það skoðað. Þá hafi verið ákveðið að láta gönguljós af stað sjálfkrafa allan sólarhringinn, svo ekki þurfi að ýta á takka.

Starfsmenn í Draumalandi, frístundaheimili Austurbæjarskóla, hafa kvartað yfir gönguljósunum bæði við lögreglu og borgina. „Við förum með tíu til tuttugu krakka fjóra daga vikunnar þarna yfir," segir Andrés Úlfur Helguson, verkefnastjóri Draumalands. Farið er með börnin yfir götuna á gæsluvöll sem er hluti af aðstöðu frístundaheimilisins. Andrés segir börnin aldrei komast alla leið yfir götuna á grænu gönguljósi. Hann segir umferðaræðina yfir Snorrabrautina hafa verið foreldrum áhyggjuefni, enda eigi mörg börn sem sæki Austurbæjarskóla heima í Norðurmýrinni. Þeim sé fylgt yfir götuna á leið sinni heim úr Draumalandi vegna þessa.

- þeb

SNORRABRAUT Umferðarljósin við Snorrabraut og Bergþórugötu voru skoðuð í kjölfar banaslyssins í desember en ekki þykir ástæða til að breyta þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skýrsla um makrílveiðar:

Hærra hlutfall til manneldis

SJÁVARÚTVEGUR Stóraukið magn makrílafla Íslands á síðasta ári fór í frystingu miðað við árið 2009.

Í skýrslu sjávarútvegsráðuneytisins kemur fram að 60 prósent af þeim 110.000 tonnum sem veiddust voru fryst en 40 prósent fóru í bræðslu. Til samanburðar fóru 80 prósent af aflanum árið 2009 í bræðslu.

Þessi þróun er í samræmi við sameiginlega stefnu stjórnvalda og Landssambands íslenskra útgerðarmanna um að hærra hlutfall aflans fari til manneldis og segir í skýrslunni að vonir séu bundnar við að hlutfallið verði enn hærra á komandi árum.

Ráðuneytið ákvað á dögunum að makrílkvóti ársins í íslenskri lögsögu yrði 147.000 tonn, en það er í óþökk Noregs og ESB. **- þj**

AUSTURLAND

Varað við umferð hreindýra

Vegagerðin og Náttúrustofa Austurlands vilja vara vegfarendur sem leið eiga um Austurland við mikilli umferð hreindýra, sérstaklega á Fagradal. Hætta á árekstrum við hreindýr er mest í skammdeginu og þegar hálka og skafrenningur gera aðstæður erfiðar.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hnífamaður handtekinn

Lögreglan handtók mann sem var vopnaður hnífi í miðborginni í fyrrinótt. Maðurinn hafði gengið um og sveiflað hnífnum. Var vegfarendum brugðið yfir athæfinu. Maðurinn var að sögn lögreglu í annarlegu ástandi og gat ekki skýrt hegðun sína. Hann fékk að gista í fangaklefa. Þá fékk lögreglan fjölda tilkynninga um líkamsárásir, hávaða og eignaspjöll. Enginn hafði þó verið handtekinn í gær vegna þess.

Eftirlit með mengun talið vera óskilvirkt

Umhverfisvaktin við Hvalfjörð efast um að stóriðjunni sé treystandi til að gera eigin mengunarmælingar. Sérfræðingur telur hins vegar að fyrirtækjunum sé treystandi en eftirlitsstofnanir megi gera meiri kröfur og bæta eftirlit sitt.

FRÉTTASKÝRING

Er stóriðjufyrirtækjum treystandi til að gera eigin mengunarmælingar?

Félagið Umhverfisvaktin við Hvalfjörð skorar á Umhverfisstofnun að endurskoða starfsleyfi stóriðjufyrirtækjanna á Grundartanga. „Þetta er með það fyrir augum að færa ábyrgð á framkvæmd mengunarmælinga frá stóriðjufyrirtækjunum til óháðra opinberra aðila," segir í yfirlýsingu.

STEFÁN GÍSLASON

Félagið telur að mælingarnar séu ekki trúverðugar „ef hinn mengandi aðili" sér sjálfur um þær.

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá Umís ehf. Environice, telur ekki auðvelt að breyta fyrirkomulaginu. Hins vegar þyrfti að gera meiri kröfur um framkvæmdina og bæta eftirlitið, þar með talið skoðun á niðurstöðum mælinga og viðbrögð ef um frávik er að ræða. „Opinberar eftirlitsstofnanir eiga að mínu mati að vera mun ákveðnari en þær eru varðandi kröfur um framkvæmd mælinga, duglegri við að koma í óundirbúið eftirlit til að geta staðið menn að verki ef rangt er mælt, meðal annars með stikkprufum – og að síðustu miklu harðari í horn að taka ef skilyrðum er ekki fullnægt."

Stefán segir að mengunarmælingar séu í eðli sínu svipaðar bókhaldi fyrirtækja. „Fyrirtækjunum er skylt, samkvæmt lögum, reglugerðum eða ákvæðum í starfsleyfum, að halda bókhald um ákveðna þætti og skila því til eftirlitsaðila, hvort sem hann heitir Heilbrigðiseftirlit, Umhverfisstofnun eða Ríkisskattstjóri. Mikið af þessum bókhaldsgögnum verður til með þeim hætti, að eðlilegast og einfaldast er að haldið sé utan um þau innan fyrirtækisins. Öðrum þáttum er auðveldara að úthýsa, til dæmis mælingum á flúor í gróðri eða beinum dýra," segir Stefán.

Í tilviki iðjuveranna á Grundartanga, og þá Norðuráls þegar rætt er um flúor, sér utanaðkomandi aðili um mengunarmælingar. Sá er þó ekki alveg óháður iðjuverinu því fyrirtækið greiðir fyrir mælingarnar eins og hverja aðra verktakavinnu. Hins vegar fer greining sýna gjarnan fram hjá óháðri opinberri stofnun hérlendis eða erlendis, á kostnað iðjuversins.

„Ég hygg að aðalrökin fyrir því fyrirkomulagi sem viðhaft er varðandi mengunarmælingar frá mengandi starfsemi, þar með talið frá iðjuverum á Grundartanga, séu þau að með þessu sé ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun tryggð, og tengd með besta mögulega hætti. Ég treysti þessum fyrirtækjum til að sjá um þessi mál, að því tilskildu að regluverkið og eftirlitsaðilar veiti það aðhald sem þeim ber að veita."

svavar@frettabladid.is

GRUNDARTANGI Umhverfisvaktin við Hvalfjörð efast um að stóriðjufyrirtækjum sé sjálfum treystandi fyrir mengunarmælingum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landinn: ESB og fólkið í landinu

Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon þriðjudaginn 25. janúar kl. 12–13.

Frummælendur
Halldór Hermannsson, skipstjóri, Ísafirði
Guðmundur Gunnarsson, formaður RAFÍS

Allir velkomnir

xs.is

25% afsláttur í janúar

FJÖLNOTAPAPPÍR

5x500 blöð A4 ~~3.995~~kr
með 25% afslætti 2.996kr

Verð er gefið upp með vsk. en án aksturs. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Ný skýrsla frá Unicef varpar ljósi á stöðu barna í löndum OECD:

Greinir misrétti milli barna

SAMFÉLAGSMÁL Misskipting milli íslenskra barna er í minna lagi í samanburði við önnur OECD-lönd að því er fram kemur í nýrri skýrslu frá Unicef, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

Þar er Ísland í næstefsta hópi ásamt Noregi, Svíþjóð og Írlandi, en í efsta hópnum eru Danmörk, Finnland, Holland og Sviss.

Skýrslan ber yfirskriftina „Börn skilin útundan" og er markmiðið með henni að varpa ljósi á misskiptingu í heilbrigði, menntun og efnislegri velferð.

Jöfnuður mælist verulegur að flestu leyti meðal íslenskra barna, en í samanburði við önnur lönd má sjá neikvæðari útkomu í sjálfsmati barna á eigin heilsu auk þess sem neysla þeirra á ávöxtum og grænmeti lækkar stöðu þeirra.

„Aðaláherslan er á að greina hvar þau börn eru sem hafa það verst," segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi, og segir skýrsluna mikilvægt greiningartæki.

Hann segir þó að þetta sé fyrsta skýrslan af þessari tegund.

TÍMAMÓTASKÝRSLA Stefán Ingi Stefánsson fer yfir skýrsluna með gestum málþings þar sem niðurstöður hennar voru ræddar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þess vegna sjáum við ekki enn neina þróun, en þetta er mikilvægt sem fyrsta skrefið til að greina mismunun milli barna." **- þj**

ÚTSALA

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

ALLT AÐ 67% AFSLÁTTUR

19" SJÓNVÖRP FRÁ 34.990
22" SJÓNVÖRP FRÁ 49.990
32" SJÓNVÖRP FRÁ 69.990
42" SJÓNVÖRP FRÁ 99.990

TÖKUVÉLAR FRÁ 24.990
JVC Panasonic TOSHIBA

HLJÓMTÆKI MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI
PHILIPS JVC Panasonic harman/kardon

BÍLGRÆJUR MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI
JBL KENWOOD JVC

MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 36% AFSLÆTTI
Nikon OLYMPUS CASIO Panasonic

JBL iPOD/iPHONE VÖGGUR FRÁ 14.990

FERÐATÆKI MEÐ GEISLASPILARA FRÁ 5.990

SJÓNAUKAR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI

MP3 SPILARAR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
MIKIÐ ÚRVAL - VERÐ FRÁ 3.990
PHILIPS GRUNDIG SanDisk INTENSO

OPIÐ LAUGARDAG 10-16

SJÁ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox. JBL

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2010

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

Vertu hress í vetur

Angelica er íslensk náttúruafurð úr ætihvönn. **Angelica** inniheldur heilsubætandi efni sem geta gefið þér aukna orku og styrkt varnir þínar gegn vetrarpestum.

Sæktu styrk í náttúru Íslands!

Hressandi tilboð
– þú færð tvö box af Angelicu
en borgar fyrir eitt

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Tilboðið gildir á öllum útsölustöðum á meðan birgðir endast.

Fjölmiðlavaktin kynnir fjölmiðlaefni sem þykir bera af:

Vigdís í rúma hálfa öld

FJÖLMIÐLAR Fjölmiðlavaktin fagnaði 30 ára starfsafmæli á síðasta ári.

Af því tilefni var í leiðinni kynnt val Fjölmiðlavaktarinnar á því fjölmiðlaefni sem bera þótti af á síðustu áratugum.

Fyrir valinu varð að taka saman allt efni um frú Vigdísi Finnbogadóttur sem birtist í dagblöðum á tímabilinu 1955 til 2010.

Afraksturinn er bók í þremur bindum sem frú Vigdísi var afhent við hátíðlega athöfn.

VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

Við sama tilefni var Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur afhentur aðgangur að textahandritasafni félagsins í þeim tilgangi að vinna að rannsóknum á þróun og varðveislu íslenskrar tungu. Í safninu eru þúsundir handrita útvarps- og sjónvarpsfrétta.

VEÐUR HEFUR ÁHRIF Á FLEST SLYS Hálka er ekki alltaf sýnileg, eins og á meðfylgjandi mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Veður veldur flestum slysum

Flest umferðarslys má með einhverjum hætti rekja til veðurs. Tvö alvarleg umferðarslys um síðustu helgi urðu vegna ósýnilegrar hálku. Þessi tegund hálku myndast oft snöggt og við sérstakar aðstæður.

SAMGÖNGUMÁL Tvö umferðarslys sem urðu á Reykjanesbraut um síðustu helgi urðu vegna ísingar á veginum sem erfitt var fyrir ökumenn að greina. Tíu voru fluttir á slysadeild vegna þessara tveggja slysa, en hálka sem þessi getur myndast mjög fljótt. Flest umferðaróhöpp tengjast með einum eða öðrum hætti slæmum aðstæðum vegna veðurs, að sögn Einars Magnúsar Magnússonar, upplýsingafulltrúa Umferðarstofu. Aldrei er þó hægt að kenna hálku eða slæmum aðstæðum um óhöppin.

„Þessi ísing sem varð um síðustu helgi og er mjög varhugaverð verður þegar blautir vegir frjósa," segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur. Þessi tegund hálku er kölluð glerhálka eða glæraís. „Fólk sér ekki ísinguna, sérstaklega ekki í myrkri. Þetta gerist þannig að það hefur gert blíðviðri og rignt, síðan lægir og léttir til og um leið og það gerist kólnar yfirborðið og það frýs. Þetta getur gerst þó að það sé þriggja, fjögurra stiga hiti. Þegar orðið er léttskýjað og nánast enginn vindur þá tapar vegurinn hita sínum svo fljótt," segir Einar Sveinbjörnsson. Þetta er algengt á Íslandi og getur gerst mjög snögglega.

„Þetta skapast fyrst og fremst á þeim stöðum þar sem myndast skjól, ef vegurinn fer um lægð eða það er eitthvað í umhverfinu sem býr til skjól. Það getur verið skógur, byggingar eða fjall sem gerir það að verkum að ís myndast fyrr en annars staðar," segir Einar.

„Við teljum bæði hjá Umferðarstofu og Vegagerðinni fulla ástæðu til að vekja athygli fólks á hættunni sem getur stafað af veður- og landslagsaðstæðum sem oft getur reynst erfitt að greina. Við leggjum ofuráherslu á að fólk sé vakandi fyrir þessu, hvenær geti skapast þessi hætta að maður missi veggrip eða það verði takmarkað," segir Einar Magnús. Hann segir viðbrögð við aðstæðunum vera mikilvæg. Fólk þurfi að vera vakandi fyrir aðstæðum og hættum sem geti skapast og að akstri sé alltaf hagað þannig að ekki stafi hætta af. „Þegar við skoðum slysatölur og reynum að greina orsakir, sem auðvitað eru margar, þá tengjast flest óhöpp með einum eða öðrum hætti slæmum aðstæðum vegna veðurs."

thorunn@frettabladid.is

Fimm tegundir hálku

Einari Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir að skipta megi hálku á vegum gróflega í fimm flokka eftir myndun hennar og tilurð. Hérlendis er hálkumyndun í 4. og 5. flokki fátíðari en við hinar aðstæðurnar.

1. Héla fellur á veg þegar veghitinn fellur niður fyrir daggarmark loftsins.
2. Vatn sem fyrir er á vegi frýs þegar veghitinn fer niður fyrir frostmark.
3. Snjókoma fellur á veg eða rignir á veg sem er ísaður.
4. Undirkældir vatnsdropar í þoku valda hrímmyndun á vegi þegar hiti lofts og veghiti eru undir frostmarki.
5. Frostrigning eða frostúði myndar glæru þegar rignir á veg og veghitinn er undir frostmarki.

Séreignarsparnaður

Auður gerir betur

Auður er óháð fjármálafyrirtæki sem hefur skynsemi og áhættumeðvitund að leiðarljósi.

Ekki láta eina mikilvægustu ákvörðunina varðandi þinn framtíðarfjárhag bíða og komdu í séreignarsparnað hjá Auði.

Nafnávöxtun FramtíðarAuðar árið 2010



Ávöxtun i fortíð gefur hvorki tryggingu fyrir né vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Auður - ábyrg arðsemi

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29 | S. 585 6500 | www.audur.is

Nemar útskrifaðir frá HR:

Tæplega 300 brautskráðir

MENNTAMÁL Háskólinn í Reykjavík brautskráði á laugardag alls 286 nemendur. Heldur fleiri karlar en konur útskrifuðust, 160 karlar en 126 konur.

Grunnnámi luku 139 en meistaranámi 82. Þá voru brautskráðir 39 nemendur með diplómagráðu á meistarastigi og 26 með almenna diplómagráðu. Alls útskrifuðust 93 úr tækni- og verkfræðideild, 82 úr viðskiptadeild, 44 úr kennslu- og lýðheilsudeild, 39 úr lagadeild og 28 úr tölvunarfræðideild. - mþl

Viðræður við væntanlega eigendur tryggingafélagsins Sjóvár eru ekki hafnar:

Stefnt á að klára kaupin í vor

VIÐSKIPTI Forsvarsmenn fjármálafyrirtækisins Stefnis hafa ekki lokið fjármögnun á kaupum á 52,4 prósenta hlut Seðlabankans í Sjóvá. Kaupverð hlutarins nemur 4,9 milljörðum króna. Viðræður eru hafnar við helstu viðskiptavini fjármálafyrirtækisins. Gert er ráð fyrir því að þær muni standa yfir næstu vikurnar.

Gangi allt eftir mun eignarhlutur Stefnis í Sjóvá heyra undir sjóðinn SF1 og verða engar aðrar eignir í honum. Ekki stendur til að kaupa meira í tryggingafélaginu.

Gert er ráð fyrir því að kaupin verði innsigluð á vordögum. Lífeyrissjóðir eru að mestu viðskiptavinir Stefnis auk fagfjárfesta.

AÐALSTÖÐVAR SJÓVÁR Viðræður standa yfir um fjármögnun kaupa á helmingshlut í Sjóvá. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sjóvá var sett í söluferli í janúar í fyrra og var SF1 hluti af hópi fjárfesta sem lagði tilboð í félagið í fyrra. Hópurinn sagði sig frá ferlinu í lok nóvember og tóku forsvarsmenn SF1 upp þráðinn í desember síðastliðnum, að sögn Sigþórs Jónssonar, forstöðumanns Stefnis.

Fram kom í tilkynningu frá Seðlabankanum í gær að miðað við kaupverðið næmi heildarverðmæti Sjóvár 9,4 milljörðum króna. Það er 2,2 milljörðum minna en ríkissjóður lagði til tryggingafélagsins til að forða því frá þroti vorið 2009. - jab

SKAKKI SÚKKULAÐITURNINN Mirco Della, ítalskur súkkulaðimeistari, vandar sig við að búa til líkan af Skakka turninum í Písa fyrir sýningu í Hong Kong. NORDICPHOTOS/AFP

RÆNT Maran Centaurus gefur hugmynd um þau skip sem rænt er við Sómalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríflega 50 skipum rænt:

Aldrei fleiri sjórán en 2010

SÓMALÍA **Sjórán náðu nýjum hæðum á nýliðnu ári en þá voru 53 skip og áhafnir þeirra tekin yfir af sjóræningjum. Í gögnum Alþjóða siglingamálastofnunarinnar kemur fram að 49 sjórán voru úti fyrir ströndum Sómalíu. Alþjóðlegur floti herskipa kom í veg fyrir að enn fleiri skip væru tekin af sómalískum sjóræningjum sem hafa haldið hafsvæðinu í herkví um árabil.**

Um borð í skipunum voru tólf hundruð sjómenn og létu átta þeirra lífið.

Kostnaðurinn vegna sjórána við Sómalíu er talinn vera hátt í 200 milljarðar króna. Sá kostnaður er vegna lausnargjalds, hækkandi tryggingargjalda, öryggisbúnaðar og gæslu. Eins er afar kostnaðarsamt að forðast sjórán með breyttum siglingaleiðum. - shá

Myndavélar settar upp í Eldey:

Súlur á netinu

NÁTTÚRA Súlubyggðin í Eldey er nú sýnileg öllum sem vilja fylgjast með henni á vefnum eldey.is. Myndavélum hefur verið komið fyrir í eynni og hægt er að fylgjast með fuglunum dag og nótt.

Eldey er um 77 metra hár klettadrangur suðvestan við Reykjanes. Á Wikipediu segir að súlubyggðin í Eldey sé ein sú stærsta í heim, með 14 til 18 þúsund pör sem verpa þar ár hvert. - jhh

SCHMIDT
- vélar

- sala
- varahlutir
- þjónusta

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI

20% afsláttur
Ísskápar

15% afsláttur
Þvottavélar

20% afsláttur
Þurrkarar

30% afsláttur
Háfar

30% afsláttur
Bakaraofnar

20% afsláttur
Uppþvottavélar

Myndir hér að ofan eru leiðbeinandi fyrir þann vöruflokk sem er á útsölu. Afsláttur er af verðlistaverði Rönning.

Reykjavík · Skútuvogur 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING

skoðun

greinar@frettabladid.is

Meirihluti vill fá að kjósa um aðild að ESB að loknum samningaviðræðum.

Friður fáist til að ljúka viðræðum

Meirihluti þjóðarinnar, nærri tveir af hverjum þremur, vill að aðildarviðræðum við Evrópusambandið ljúki með samningi sem kosið verði um í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem gerð var um miðja síðustu viku.

Í sömu skoðanakönnun var spurt um fylgi flokka. Ekki vildi nema rétt rúmur helmingur taka afstöðu til þess hvaða flokk þeir myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga en þegar kom að spurningunni um áframhald viðræðna um Evrópusambandsaðild tóku 87,5 prósent aðspurðra afstöðu. Nærri því níu af hverjum tíu taka afstöðu til þessarar spurningar, sem gerir niðurstöðuna enn afdráttarlausari en ella.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Niðurstaða skoðanakönnunarinnar segir ekki til um það hvort svarendur eru hlynntir Evrópusambandsaðild eða ekki. Þessir tveir þriðju hlutar svarenda eru bara afdráttarlaust hlynntir þeim lýðræðislega framgangi mála að viðræðurnar fái að hafa sinn gang og ljúka með samningi sem lagður verði í dóm þjóðarinnar. Þetta er enda í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og samþykktar meirihluta alþingismanna sumarið 2009.

Vonandi munu stjórnarandstöðuþingmenn, bæði innan og utan ríkisstjórnarflokka, hlýða á þessi skilaboð og taka mark á þeim. Næg eru verkefnin þótt ekki sé þrefað um að aðildarviðræðum við ESB verði hætt í miðju kafi. Það er í það minnsta ljóst að þeir þingmenn sem það gera tala ekki máli meirihluta þjóðarinnar. Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn sem tala fyrir slitum aðildarviðræðna gera það vissulega í umboði um helmings kjósenda sinna, minnkandi hóps þó, samkvæmt skoðanakönnuninni. Vinstri grænir þingmenn sem tala fyrir slitum á viðræðum hafa samkvæmt könnuninni innan við 33 prósent kjósenda flokksins á bak við sig en meðal þeirra sem segjast mundu kjósa Vinstrihreyfinguna – grænt framboð ef gengið yrði til kosninga nú hefur stuðningur við áframhald aðildarviðræðna aukist mest frá því að síðast var spurt sömu spurningar, í skoðanakönnun Fréttablaðsins í september síðastliðinn.

Vissulega eru sterkir og valdamiklir hagsmunahópar og -samtök sem ekki virðast kæra sig um að þjóðin fái að sjá hvað samningur um aðild að Evrópusambandinu felur í sér, til dæmis bæði samtök útgerðarmanna og bænda. Þessir hópar hafa býsna hátt og má velta því fyrir sér hver sé ástæða þess að þeim er svo umhugað um að samningur um aðild Íslands að Evrópusambandinu líti ekki dagsins ljós, að kjósendur fái ekki að sjá niðurstöðu aðildarviðræðna og taka á þeim grundvelli afstöðu til aðildar.

Þessi sjónarmið eiga sér síðan fleiri talsmenn í hópi þingmanna en ætla mætti miðað við afstöðu almennra kjósenda. Þessir þingmenn mættu eyða kröftum sínum í uppbyggilegri hluti en karp um slit á aðildarviðræðum. Hvers vegna óttast þeir að þjóðin fái að velja á grundvelli fyrirliggjandi samnings?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

FRÁ DEGI TIL DAGS

21. aldar stjórnmál

Sú gagnrýni heyrist reglulega á stjórnmálin og raunar hið opinbera almennt að hjá ríkinu séu menn svifaseinir að tileinka sér nýjungar. Hvort það er rétt skal ósagt látið en í vikunni komu fram vísbendingar um að stjórnmálin hér stefni þrátt fyrir allt inn í 21. öldina. Þannig fannst tölva á tómri skrifstofu á Alþingi sem virðist hafa verið sett upp með það að markmiði að stelast í upplýsingar á innra neti Alþingis. Búið var að má öll auðkenni af tölvunni og jafnvel talið að hún hafi verið sett upp þannig að gögnin hyrfu ef slökkt væri á henni. Ekki er vitað hver kom tölvunni fyrir en sá er greinilega ansi tæknivæddur.

Barist um ESB á netinu

Baráttumenn gegn ESB-aðild, sem er stundum legið á hálsi fyrir að vera gamaldags, virðast sömuleiðis vera að tæknivæðast. Á laugardag réðust nefnilega tölvuþrjótar á heimasíðuna thjod.is en þar hefur verið að finna safn af myndböndum þar sem Evrópusinnaðir Íslendingar útskýra af hverju þeir telja að Ísland eigi að ganga í ESB. Reyndar er allsendis óvíst hver var þarna að verki en kenningin um andstæðinga ESB-aðildar er skemmtileg.

Netríkið Ísland

Þessar fréttir benda óneitanlega til þess að markmið ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá 2008 um netríkið Ísland sem ná átti fram á árunum 2008 til 2012 séu á áætlun. Stjórnmálaklækirnir virðast í það minnsta vera komnir á netið og það ári á undan áætlun!

magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR

Það er vandi að hjálpa!

Hjálparstarf

Ragnheiður Sverrisdóttir
Verkefnisstjóri á biskupsstofu og virkur þátttakandi í Hjálparstarfi kirkjunnar

Samtök sem vilja styðja efnalitla einstaklinga og fjölskyldur hafa verið mikið til umræðu í samfélaginu. Það er enginn vafi á því að þessi samtök vilja hjálpa fólki sem lent hefur í vanda. Það eru margar leiðir til að hjálpa og það er vandi að hjálpa. Markmiðin eru stundum skýr og stundum ekki.

> Það er engin framtíð í óbreyttum starfsháttum.

Hjálpina þarf að skipuleggja og setja henni reglur til að tryggja að þau úrræði, fjármunir eða matur sem er til staðar nýtist sem best og komi þeim til góða sem mest þurfa á hjálp að halda. En markmið hjálparstarfs til lengri tíma litið þarf að vera hjálp til sjálfshjálpar annars er fólk gert ómyndugt og ósjálfbjarga.

Nú standa þau hjálparsamtök sem veitt hafa nauðstöddum á Íslandi aðstoð í formi daglegra nauðsynjavara á tímamótum. Það er engin framtíð í óbreyttum starfsháttum. Eitt af markmiðunum hefur hljómað þannig: „Eyðum biðröðunum strax!“ Næsta spurning hlýtur að vera hvernig? Svarið er margþætt og um það eru skiptar skoðanir. Eitt er að hið opinbera komi með framfærsluviðmið sem félagsþjónustan þarf að uppfylla. Þó að þetta viðmið verði sett mun tekjulágt fólk geta lent í vandræðum við skyndilega aukin útgjöld. Þar geta hjálparsamtök komið inn og stutt fólk eða sinnt langvarandi aðstoð.

Að vera öryrki eða atvinnulaus er ekki sama sem að vera fátæk manneskja en það er erfitt fyrir marga að framfleyta sér til langframa á bótum og þá sérstaklega þegar eitthvað óvænt kemur upp á. Hvernig geta hjálparsamtök stutt þetta fólk sem eykur lífsgæði þeirra en ekki gefið þeim bara mat í poka? Eitt er ráðgjöf t.d. um fjármál, aðstoð við að kaupa gleraugu, lyf eða greiða niður kostnað við tómstundaiðkun. Svo getur vel verið að aukið félagsstarf sé það sem helst vantar meðal öryrkja. Gætu þessar hugmyndir verið eitthvað af því sem kemur til greina fyrir hjálparsamtök að beina starfi sínu að þegar endurmeta þarf starfsaðferðir?

Ég hvet öll hjálparsamtök á Íslandi að vera opin fyrir að finna nýjar leiðir í hjálparstarfi og vinna saman að því.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Áhlaupið á Alþingi

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Alþingishúsið er ekki mikið fyrir hús að sjá. Það minnir okkur á að Reykjavík er bara fámennur bær með víðáttumiklum úthverfum og litlum miðbæ. Það væri hægðarleikur að hertaka þetta hús, væru menn á þeim buxunum. Þyki einhverjum Alþingishúsið óárennilegt er það vegna þess að hugmyndin um alþingi er stór, sjálf hugmyndin um þingræði er máttug – hugmyndin um alþingi sem vettvang þar sem kjörnir fulltrúar þjóðarinnar leiða til lykta málefni okkar vekur virðingu.

Sú virðing vaknar ekki af því að menn kalli hver annan háttvirtan og hæstvirtan. Hún vaknar ekki af því að klæðast tilteknum fötum umfram önnur. Hún vaknar af ábyrgð þjóðkjörinna fulltrúa gagnvart þjóð sinni og löggjafarhlutverki sínu og þyki þjóðinni sér misboðið með framgöngu þingmanna þá mótmælir hún – af virðingu fyrir alþingi.

Síðustu mánuði ársins 2008 og fyrstu mánuðina 2009 söfnuðust þúsundir manna kringum alþingi og mótmæltu því hvernig landinu hafði verið stjórnað. Það var í kjölfar þess að sjálft efnahagskerfi landsins hrundi vegna óstjórnar, græðgi, vanhæfni, glámskyggni, eftirlitsleysis og ranghugmynda stjórnvalda sem sátu í skjóli alþingis.

Hvers vegna alþingi? Af hverju fór fólk ekki og mótmælti við bankahallirnar í Borgartúni? Eða höfuðstöðvar Baugs? Kannski vegna þess að lítið þýðir að fara að glæpamanni og heimta að hann hætti að vera glæpamaður – ekki síst þegar hann býr í London og Lúxemborg og á lystisnekkjum – það er hlutverk laganna varða að sækja slíka menn og láta þá standa fyrir máli sínu. En eins og margoft hefur verið bent á: Á meðan 9-menningarnir eru ofsóttir heldur partíið áfram hjá 7-menningunum.

Þrátt fyrir allt sýndu þessi mótmæli að fólk ætlaðist til einhvers af alþingi, vænti þess að eitthvað þyddi að mótmæla þar. Hvernig svo sem sjálfir alþingismennirnir hafa litið á sig þá leit mannsöfnuðurinn á Austurvelli þessa mánuði svo á að þetta væru kjörnir fulltrúar íslensku þjóðarinnar og nú þyrfti að vekja athygli þeirra á skyldum sínum – skyldum þessarar stofnunar við þjóð sína. Mótmælendurnir voru að sinna eftirlitsskyldum við alþingi.

Þó að hrunkvöðlarnir tali allt af um hrunið eins og náttúruhamfarir er erfitt að gera sér í hugarlund skýrara dæmi um það hvernig stjórnvöld bregðast þjóð sinni en undanfara þessara atburða. Það var með öðrum orðum full ástæða til að skunda á Austurvöll og krefjast úrbóta. Það væri nærtækara að þjóðin sýndi þeim sem þar voru í fararbroddi einhvern þakklætisvott en að standa þegjandi hjá á meðan níu fulltrúar mótmælenda verða fyrir ofsóknum þess sama embættis sem nýlega hætti rannsókn á augljósum innherjasvikum í viðskiptum með bréf í SPRON.

Það var upplausnarástand. Æsingurinn var ógurlegur. Taktföst mótmæli dundu á húsinu og svo vildi fólk komast inn og fara á áheyrendapalla alþingishússins, eins og almenningur hefur rétt á að gera. Þingverðir vörnuðu fólki leiðar, héldu fólki, duttu hver á annan, það var hrint og ýtt, hrópað, hnoðast fram og aftur – þetta voru hálfgerðar ryskingar. En fráleitt að tala um árás.

> Þessu máli er haldið til streitu af óskiljanlegri þrákelkni. Sé ætlunin með þessum málarekstri að varðveita virðingu alþingis þá hefur hann þveröfug áhrif. Sú virðing fæst ekki með valdboði eða ofbeldisaðgerðum á hendur mótmælendum heldur með framgöngu þingmanna, trúnaði þeirra við kjósendur og þjóðarheill.

Þessu máli er haldið til streitu af óskiljanlegri þrákelkni. Sé ætlunin með þessum málarekstri að varðveita virðingu alþingis þá hefur hann þveröfug áhrif. Sú virðing fæst ekki með valdboði eða ofbeldisaðgerðum á hendur mótmælendum heldur með framgöngu þingmanna, trúnaði þeirra við kjósendur og þjóðarheill.

Láru V. Júlíusdóttur, sérstökum saksóknara í málinu, hefur í málflutningi sínum ekki gengið vel að sýna fram á það hver glæpurinn var, hver framdi glæpinn, gegn hverjum glæpurinn beindist, hver hagnaðist á glæpnum. Beit einhver valdstjórnina þar sem hann lá í gólfinu haldið af fimm löggum? Má vera og kannski er það satt að einhverjir hafi sýnt óhlýðni við valdstjórnina. Óhlýðni getur verið til marks um óraunhæfar skipanir og hún getur verið hvimleið en hún er ekki glæpur og á ekki að vera tugthússök.

Hver er þá glæpurinn? Hvar er hann? Í Breiðholtinu skilst manni. Lára hefur í málflutningi sínum þurft að fara í mjög einkennilegan leiðangur upp í Breiðholt til að leita að glæpnum sem hún finnur ekki í Alþingishúsinu. Þar braust hópur raunverulegra glæpamanna inn á heimili í Keilufelli á skírdag 2008 og voru menninirnir samkvæmt fréttum vopnaðir gaddakylfum, járnrörum, hömrum, sleggjum, hafnaboltakylfum, exi, hnífum og golfkylfum.

Þessi fólskulega árás í Keilufelli er hjá sérstökum saksóknara lögð að jöfnu við það þegar hópur fólks vill í upplausnarástandi nýta sér rétt sinn til að fara á áheyrendapalla alþingis – en fær ekki og er haldið af laganna vörðum með tilheyrandi stimpingum. Þau örkuml sem hlutust af vopnum árásarmannanna í Keilufelli eru að mati sérstaks saksóknara sambærileg við það þegar einn þingvörður dettur á annan sem fyrir vikið dettur á ofn. Það unga fólk sem hér er ákært fyrir að ætla að nýta sér lýðræðislegan rétt sinn til að fara á áheyrendapalla alþingis, en var meinuð innganga, er í málflutningi sérstaks saksóknara lagt að jöfnu við atvinnuglæpamenn með alvæpni sem rjúfa heimilisgrið á varnarlausu fólki.

Æsingurinn var ógurlegur. Taugarnar voru þandar hjá starfsfólki alþingis og kannski ekki að undra að það skyldi bregðast harkalega við því sem það áleit árás á þessa stofnun. En þetta var ekki árás.

Eina áhlaupið í alþingishúsinu þann 8. desember 2008 var að þingverðir hlupu á sig. Það áhlaup stendur enn.

MÁLASKÓLINN LINGVA
VORÖNN SPRING SEMESTER 2011
ÖLL NÁMSKEIÐ KOSTA 25.000 KR.

Ítalska

Heiti námskeiðs	Kennsludagar	Tími	Tímabil	Lengd
ITALIANO 1 - Byr	mán. og mið.	kl. 18:30-20	2. - 28. febrúar	4 vikur
ITALIANO 2 - L.K.	mán. og mið.	kl. 20-21:30	7. - 30. mars	4 vikur
ITALIANO CONVERSAZIONE	þriðjudaga	kl. 20-21:30	1. feb. - 22. mars	8 vikur

Spænska

Heiti námskeiðs	Kennsludagar	Tími	Tímabil	Lengd
ESPAÑOL 1 Byr	þriðjud. og fim.	kl. 18:30-20	3. febrúar - 1. mars	4 vikur
ESPAÑOL 2 L.K.	þriðjud. og fim.	kl. 20-21:30	8. - 31. mars	4 vikur
ESPAÑOL CONVERSACIÓN	miðvikudaga	kl. 20-21:30	2. febrúar - 23. mars	8 vikur

Talmáls námskeið

Heiti námskeiðs	Kennsludagar	Tími	Tímabil	Lengd
ÞÝSKA	mánudaga	kl. 18:30-20	7. febrúar - 28. mars	8 vikur
FRANSKA	þriðjudaga	kl. 20-21:30	8. febrúar - 31. mars	8 vikur
ENSKA	miðvikudaga	kl. 20-21:30	9. febrúar - 30. mars	8 vikur

Íslenska

Course	Weekdays	Hours	Period	Length	Costs
ICELANDIC 1 -	Mon. and Wed	18:30-20	2. Feb. - 29. March	8 Weeks	5.000 kr.
ICELANDIC 2 -	Tues and Thu.	18:30-20:00	1. Feb. - 23. March	8 Weeks	5.000 kr.
ICELANDIC CONVERSATION	Mond. and Thu.	kl. 20-21:00	2. Feb. - 31. March	8 Weeks	Free

ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.LINGVA.IS
EÐA Í SÍMA 561-0315

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu

www.ms.is

Auðlindir og eignarnám

Auðlindir

Magnús Orri Schram
alþingismaður
Samfylkingarinnar

Ennþá virðist sá misskilningur vera fyrir hendi að orkuauðlindir þjóðarinnar séu að einhverju leyti í einkaeigu. Það er rangt og var sérstaklega tryggt í löggjöf árið 2008. Umræðan um orkuauðlindirnar á hins vegar að snúast um nýtingu þeirra. Ég tel ekki sjálfgefið að opinberir aðilar sjái um nýtingu á orkuauðlindum eða öðrum auðlindum eins og til dæmis auðlindum sjávar. Það væri óskynsamlegt að stofna Útgerðarfélag Ríkisins sem sæi um þorskveiðar í Faxaflóa, og því er það ekki sjálfgefið að best væri að opinberir aðilar sjái um að bora eftir jarðgufu við Svartsengi.

Miklu betri leið til að tryggja almannahagsmuni er að stytta lengd nýtingarsamninga við einkaaðila niður í 35 ár í stað 65 ára, og að tryggja að þjóðin fái góðan arð af nýtingu auðlindanna. Þannig á að nálgast samningaviðræður við HS Orku en alls ekki að fara í eignarnám. Það er nefnilega svo að eignarhald orkuvinnslunnar eitt og sér tryggir hvorki að arður af auðlindunum renni til þjóðarinnar, né að fylgt sé orkunýtingarstefnu með almannahagsmuni að leiðarljósi. Þá er líka ósvarað hvort æskilegt sé að skattgreiðendur skuli bera áhættu af fjárfestingu í orkuvinnslu fyrir stöku stóriðjuverkefni.

Lykilatriðið á að vera þetta: Við eigum að tryggja þjóðinni eðlilegan arð af nýtingu auðlindanna og ef einkaaðilar sjá um nýtinguna eru þeir einungis með tímabundinn nýtingarrétt til 35 ára. Slíkar reglur eiga að gilda hvort sem um er að ræða jarðgufu, vatnsfall eða fisk í sjó. Þannig eigi að gilda sömu reglur um orkuauðlindir og auðlindir sjávar.

Sveitarstjórnir að ganga af göflum?

Sveitarstjórnir

Eiríkur Jónsson
formaður
Kennarasambands
Íslands

Eitt af þeim verkum sem unnin eru í lok hvers árs er frágangur fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Á þessu var ekki undantekning á liðnu ári. Það sem einkenndi þessi vinnu nú var annars vegar svartsýni og hins vegar sjálfumgleði. Svartsýni um afkomu ársins 2011 en um leið sjálfumgleði sveitarstjórnarmanna sem mér virðast upp til hópa fullvissir um að allt hafi verið í stakasta lagi varðandi stjórnsýslu á sveitarstjórnarstiginu undanfarin ár.

Kæruleysi í fjármálastjórn

Það þarf ekki að skyggnast langt undir yfirborðið til að sjá að margt fór úrskeiðis við fjármálastjórnina hjá sveitarstjórnum þessa lands á síðasta kjörtímabili. Allmörg dæmi eru um sveitarstjóra- eða bæjarstjóraskipti og eins má nefna borgarstjóraskipti. Í engu þessara tilfella virtist það skipta nokkru máli hvort einn, tveir eða jafnvel þrír væru á launaskrá vegna sama starfs á sama tíma. Málamyndagjörningar í starfsmannamálum sem leiddu til margra mánaða launagreiðslna í hverju tilviki þóttu ekki tiltökumál. Sala á eignum sveitarfélaga og óhagstæðir leigusamningar í kjölfarið, jafnvel leigusamningar þar sem leigan var gengistryggð, litu dagsins ljós. Skipulagning nýrra lóða á suðvesturhorninu með tilheyrandi kostnaði, svo mikils fjölda að á þeim hefði mátt byggja hús fyrir margfalt fleiri en líklegt var að sæktust eftir húsnæði. Lóðir fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem engin þörf var fyrir. Það sem hér er talið upp er aðeins það sem flaug í gegnum huga mér þegar ég setti þessi orð á blað, margt er sjálfsagt ótalið í þessum efnum.

Þrátt fyrir þetta nefna sveitarstjórnarmenn aldrei einu orði að eitthvað sé að á þeirra vettvangi, hvað þá að þeir hafi gert mistök. Þess í stað klifa þeir á því að ríkið beri ábyrgð á slæmri stöðu sveitarfélaga og með lagasetningu hafi ríkið rétt hlut sinn á kostnað sveitarfélaganna. Í einhverjum tilfellum kann þetta að vera rétt. Það er hins vegar mín skoðun að meginástæðan sé sú að sveitarfélögin hafa oftar en ekki látið plata sig í samningum við ríkið. Dæmið sem ég þekki best er þegar rekstur grunnskóla var fluttur frá ríki til sveitarfélaga árið 1996. Þá tóku sveitarfélögin verkefnið yfir fyrir tekjustofna sem ljóst var að gátu aldrei staðið undir kostnaði við það. Samkvæmt útreikningum Kennarasambands Íslands á þeim tíma fengu sveitarfélögin einungis rúmlega 60% af því fjármagni sem þurfti til að standa undir rekstri skóla. Það sem verra er, sveitarfélögin vildu ekki meira og mótmæltu harðlega öllum rökum KÍ í þá veru að verkefninu fylgdu ekki nægir tekjustofnar. Þessi staðreynd hefur allar götur síðan leitt það af sér að mörg sveitarfélög hafa átt í erfiðleikum með að reka skólana. Nú bitnar þetta líka á leik- og tónlistarskólum þar sem sveitarsjóðir eru hvorki hólfaðir niður eftir skólastigum né öðru.

> Sveitarfélögin hafa oftar en ekki látið plata sig í samningum við ríkið.

Tilviljanakenndur niðurskurður – óraunhæfar kröfur

Fjöldi skóla á öllum skólastigum hefur verið lagður niður eða þeir sameinaðir öðrum. Samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla færist stöðugt í vöxt og oftar en ekki er aðeins horft á fjárhagsleg áhrif en ekki fagleg. Hrikalegur afleikur sveitarfélaga við flutning grunnskólans kemur niður á miklu fleiri þáttum í þjónustu sveitarfélaga en grunnskólanum einum eins og áður var nefnt. Nú er svo komið að flest ef ekki öll sveitarfélög kvarta undan fjárhagslegri byrði af rekstri skóla. Forysta Sambands íslenskra sveitarfélaga krefst þess að lögum verði breytt þannig að hægt sé að skerða þjónustu við nemendur í grunnskólum enn frekar en orðið er. Engin lög vernda hins vegar nemendur leik- og tónlistarskóla og því er hægara um vik að skera niður þar – enda óspart gert.

Það væri gott fyrir sveitarstjórnarmenn að leiða hugann að því að börn og unglingar á skólaaldri eru verðmætasta eign hvers samfélags. Framtíð hvers samfélags byggir á því að þessi verðmæta eign sé varðveitt og að henni hlúð. Frekari skerðing á þjónustu er í senn aðför að einstaklingunum og viðkomandi samfélagi. Staðreyndir málsins eru þær að skerðing á námsframboði til barna og unglinga kemur til með að hafa áhrif langt inn í framtíðina. Það er margsannað að það er mun fljótlegra að rífa menntakerfið niður en að byggja það upp aftur. Um það vitnar best reynslan frá árinu 1992 þegar vikulegum kennslustundum var síðast fækkað.

Stöðugar kröfur um frekari niðurfærslu launa leik-, grunn- og tónlistarskólakennara með öllum mögulegum og ómögulegum ráðum eru kaldar kveðjur til stéttar sem unnið hefur vinnuna sína af samviskusemi við erfiðar aðstæður.

Áhugaleysi og lítilsvirðing, hvar er siðferðið?

Stéttar sem hefur í ofanálag verið samningslaus í eitt og hálft ár vegna þess að sveitarfélögin hafa neitað að koma til móts við kröfur um lítilsháttar lagfæringu allra lægstu launa. Þessi sama stétt hefur misst allar yfirvinnutekjur en um leið tekið á sig stöðugt aukið vinnuálag, enda ber hún hag barna og unglinga fyrir brjósti og er tilbúin að ganga langt til að verja hagsmuni þeirra. Gleymum því heldur ekki að kennarar hafa tekið á sig og munu taka á sig miklar gjaldskrárhækkanir sveitarfélaga á næstu mánuðum. Það er því vægt til orða tekið þegar sagt er að sveitarstjórnarmenn sýni hagsmunum nemenda áhugaleysi og starfsfólki skólanna lítilsvirðingu með framgöngu sinni.

Mér hefur þótt það svolítið merkilegt að hlusta á sveitarstjórnarmenn lýsa áhuga sínum á því að yfirtaka málefni fatlaðra eins og raunin varð um áramótin. Sveitarfélög sem ráða ekki við lögbundin verkefni sín virðast telja það mikilvægast að fá fleiri verkefni til að fást við. Nokkuð sérkennileg staðreynd. Ég hef ekki kynnt mér samning ríkis og sveitarfélaga vegna þessara mála en vona innilega að hann sé betur ígrundaður en samningurinn vegna grunnskólans forðum daga. Ég held hins vegar að full ástæða sé fyrir þá sem að þeim málum vinna að vera vel á verði. Sporin hræða í þessum efnum.

Stundin er runnin upp

Sjávarútvegur

Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður
Samfylkingarinnar

Viðfangsefni jafnaðarmanna um allan heim er að tryggja jafnrétti kynslóðanna til auðlindanýtingar, afnema órétt og ójöfnuð og virða mannréttindi.

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna stendur núna frammi fyrir sögulegu tækifæri til að afnema þann órétt og ójöfnuð sem hlotist hefur af núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

Í 28 ár hafa byggðir landsins liðið fyrir afleiðingar fiskveiðistjórnunarkerfis sem upphaflega var sett á til bráðabirgða og átti að endurskoðast fáum árum síðar. Síðan hafa aflaheimildir safnast á fárra hendur , útgerðarfyrirtæki stækkað, sameinast og fært út kvíar með sókn á erlend mið og markaði. Fiski sem veiddur er í íslenskri lögsögu er í auknum mæli landað í erlendum höfnum þaðan sem hann fer inn í erlendar fiskvinnslustöðvar og skapar þar bæði verðmæti og atvinnu.

Hér heima hafa byggðirnar misst frá sér veiðiheimildir, fiskvinnslufyrirtækjum fækkar og byggðarlögin sem áður byggðu atvinnu- og verðmætasköpun á útgerð og fiskvinnslu, standa margar eftir eins og fiðurlausir fuglar: Samfélög í sárum sérhagsmunagæslunnar. Arðurinn hefur að mestu runnið inn í útgerðina sjálfa, sem á sama tíma hefur skuldsett greinina upp í rjáfur.

Á sama tíma hefur tangarhaldið á sjálfri auðlindinni harðnað. Kvótahafarnir, sem upphaflega fengu veiðiheimildir sínar fyrir ekkert, hafa gerst lénsherrar í kerfi þar sem enginn nýliði á sér innkomu von, nema gerast leiguliði forréttindahópsins sem fyrstur fékk gæðunum úthlutað.

Kerfið sem upphaflega átti í orði kveðnu að stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og verðmætasköpun varð með tímanum uppspretta gífurlegrar verðmætasóunar á hafi úti með brottkast og hráefnissóun, sérhagsmunagæslu, misréttis, stéttaskiptingar innan greinarinnar og byggðaröskunnar. Mörg þúsund störf hafa farið forgörðum í nafni rekstrarhagræðingar og hagkvæmni innan greinarinnar. Sérhagsmunirnir fengu byr undir vængi á kostnað samfélagslegra gilda.

Þetta er óréttlætið sem jafnaðarmenn vilja leiðrétta. Og við erum svo sanngjörn að við viljum gefa stórútgerðinni rúman aðlögunartíma, allt að tuttugu árum.

En þó að krafan sé hófsöm og sanngjörn – eða kannski einmitt vegna þess – þá verður ekki frá henni vikið. Við getum ekki vikið frá þeim sanngjörnu markmiðum að tryggja varanlegt eignarhald og fullt forræði þjóðarinnar yfir auðlindum hafsins: Að taka þjóðhagslega hagkvæmni fram yfir sérhagsmuni, tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofnanna; koma á jafnræði við úthlutun veiðiheimilda og þar með atvinnufrelsi í samræmi við álit mannréttindanefndar SÞ.

Með heilbrigðum leikreglum og gagnsæi í kerfinu vilja íslenskir jafnaðarmenn efla atvinnulíf og bæta lífsafkomu fólks í byggðum landsins, og eyða um leið hinni margumtöluðu óvissu í sjávarútveginum til framtíðar.

Þetta eru markmiðin sem máli skipta. Hugtök og nafngiftir á útfærsluleiðum – fyrning, innköllun/endurúthlutun, samningsleið, tilboðsleið – skipta litlu máli ef við náum því sem að er stefnt.

Ef ég væri skapari nýs fiskveiðistjórnunarkerfis þá myndu mínar forsendur líta svona út:

1) Hið skýra ákvæði fiskveiðistjórnunarlaga um að fiskveiðiauðlindin sé sameign íslensku þjóðarinnar og að nýting hennar myndi ekki eignarrétt yrði fest í stjórnarskrá.

2) Nýting og umgengni okkar við fiskveiðiauðlindina héldist í hendur við aðra auðlindanýtingu með tímabundnum afnotarétti og sjálfbærri nýtingu.

3) Allar aflaheimildir yrðu innkallaðar í auðlindasjóð og þær leigðar þaðan á grundvelli leigusamnings þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur leigutakans (útgerðarinnar) og leigusalans (auðlindasjóðsins/ríkisins).

4) Leigugjaldið yrði árleg greiðsla (ekki eingreiðsla fyrir langtímasamning). Þar með væri hægt að endurskoða samningana ef ekki er staðið við skilmála og bregðast við breyttum forsendum. Leiguverð aflaheimilda ætti sér stað með uppboði/verðtilboðum samkvæmt nánari útfærslum.

5) Tekjunum sem rynnu í auðlindasjóðinn yrði varið til samfélagslegra verkefna á borð við atvinnueflingu, rannsóknir í sjávarútvegi og eflingu byggða.

6) Til greina kæmi að núverandi kvótahafar fengju við fyrstu úthlutun forleigurétt að umtalsverðum hluta aflaheimildanna – en því aðeins að veiðiheimildirnar verði innkallaðar allar á einu bretti og á forsendum skýrra skilmála í leigusamningi um tímabundna nýtingu.

7) Í hinu nýja kerfi þarf að gæta vel að byggðasjónarmiðum og nýliðunarmöguleikum. Ég tel að samhliða því þurfi að gefa handfæraveiðar frjálsar við strendur landsins.

> Íslenskir jafnaðarmenn geta ekki staðið hjá við uppbyggingu atvinnuveganna og ofurselt þá tilviljanakenndum markaðslögmálum. Nógu lengi hefur sú vegferð staðið og afleiðingar hennar of dýru verði keyptar.

8) Leiguúthlutun aflaheimilda miðist við magn en ekki hlutdeild. Við fyrstu úthlutun mætti miða við leyfilegt aflamagn yfirstandandi fiskveiðiárs. Viðbótarveiðiheimildir, t.d. vegna stækkunar fiskistofna, rynnu þá beint í auðlindasjóðinn en ekki til útgerðar á grundvelli hlutdeildarkerfis.

Með þessu næðist margvíslegur ávinningur: Samræmi við aðra auðlindanýtingu og betri umgengni um auðlindina. Þjóðin sjálf nyti arðs af auðlind sinni. Tekjur rynnu í ríkissjóð. Rekstraröryggi útgerðar yrði tryggara, fjárfestingarþörf minni og áætlanagerð auðveldari. Leiguliðakerfi stórútgerðarinnar yrði úr sögunni, kvótabraskið sömuleiðis. Skuldsetning í sjávarútvegi myndi minnka. Atvinnuöryggið ykist í byggðum landsins og minni hætta yrði á byggðaröskun. Skerpt yrði á réttindum og skyldum hjá bæði útgerð og hinu opinbera gagnvart auðlindanýtingunni. Möguleikar myndu aukast á nýliðun og jafnræði. Verðmyndun aflaheimilda yrði eðlileg.

Þetta er að mínu mati mikilvægasta verkefnið í atvinnumálum, byggðamálum og til lengri tíma í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins er hluti af endurreisn samfélagsins. Íslenskir jafnaðarmenn geta ekki staðið hjá við uppbyggingu atvinnuveganna og ofurselt þá tilviljanakenndum markaðslögmálum. Nógu lengi hefur sú vegferð staðið og afleiðingar hennar of dýru verði keyptar.

Lærum af sögunni. Látum ekki sögulegt tækifæri renna okkur úr greipum.

RÝMINGARSALA
Á MEIRIHÁTTAR MYNDAVÉLUM
AÐEINS Í NOKKRA DAGA *GRÍPTU AUGNABLIKIÐ!*

OLYMPUS T-100

· 12 milljón pixlar
· 3x aðdraáttur linsa 36-180mm
· Til í 4 litum: Svört, blá, rauð og silfur

FULLT VERÐ: 16.900 KR.
Tilboðsverð: 12.900 kr.

OLYMPUS FE 4050

· 12 milljón pixlar
· 4x(wide) aðdraáttur
· Linsa 27-108mm
· Skjár LCD 6,9cm (2,7")
· 14 handhægar tökustillingar
· Face Detection
· Videoupptaka með hljóði
· Lithium hleðslu rafhlaðahlaða

FULLT VERÐ: 18.900 KR.
Tilboðsverð: 14.900 kr.

SAMSUNG

FARTÖLVUR Á SÉRSTÖKU KYNNINGARVERÐI
FRAMÚRSKARANDI **GÆÐI**
FJÁRFESTING **TIL FRAMTÍÐAR**

OLYMPUS FE 5050

· 14 milljón pixlar
· 5x aðdráttur, linsa 26-130mm
· Skjár LCD 6,9cm (2,7")
· 14 handhægar tökustillingar
· Face Detection
· Videoupptaka með hljóði
· Lithium hleðslurafhlaða og hleðslutæki fylgir

FULLT VERÐ: 29.900 KR.
Tilboðsverð: 22.900 kr.

OLYMPUS MJU TOUGH 3000

· 12 milljón pixlar · 3,6xaðdraáttur
· Linsa 28-102mm · Skjár LCD
· 19 handhægar tökustillingar
· Höggheld 1,5 m · Vatnsheld 3m dýpi · Frostþolin 10°
· Videoupptaka með hljóði
· Hristivörn · Macro stilling
· Notar SD og SDHC minniskort
· 1GB innra minni
· Lithium hleðslurafhlaða

FULLT VERÐ: 29.900 KR.
Tilboðsverð: 25.900 kr.

SAMSUNG
R530-JA06SE

Skjár:	15,6" LED HD 1366 x 768
Örgjörvi:	Intel® Celeron T3300
Skjákort:	Intel GMA 4500 dual core
Vinnsluminni:	2Gb DDR3
Harður diskur:	250Gb 5400rpm SATA
Drif:	DVD-RW Super Multi Layer DVD skrifari
Stýrikerfi:	Windows 7 Home Premium

Kynningarverð: 79.900 kr.

Rýmum fyrir nýjustu módelunum

Fjöldi annarra úrvals myndavéla á tilboðsverði!

Komdu og fáðu leiðsögn hjá sölumönnum okkar.

20% afsláttur af linsum og aukahlutum

OLYMPUS E-PL1

· 12.3 milljón pixlar · Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus · 3,0 rammar á sekúndu – allt að 5 myndir í RAW á buffer · Sjö upplausnarmöguleikar á mynd · Hristivörn í vél · "Dust Reduction System" rykfríar myndir · HD upptaka 720 p · HDMI tengi · Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir · Linsa fylgir 14-42 mm

FULLT VERÐ: 84.900 KR.
Tilboðsverð: 69.900 kr.

SAMSUNG
RV510-A02SE

Skjár:	15,6" LED HD 1366 x 768
Örgjörvi:	Intel® Pentium T3500
Skjákort:	Intel GMA X4500
Vinnsluminni:	2Gb DDR3
Harður diskur:	320Gb 5400rpm SATA
Drif:	DVD-RW Super Multi Layer DVD skrifari
Stýrikerfi:	Windows 7 Home Premium

Kynningarverð: 99.900 kr.

CASIO EX-Z350

· 12.1 milljón punkta upplausn
· 4x aðdráttarlinsa (27-108mm)
· Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
· 23 myndstillingar – Auto Bestshot
· Videoupptaka með hljóði
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

FULLT VERÐ: 27.900 KR.
Tilboðsverð: 19.900 kr.

CASIO EX-H5

· 12,1 milljón punkta upplausn
· 10x aðdráttarlinsa (27-240mm)
· Super Clear 2,7" TFT LCD skjár
· 14 myndstillingar – Auto bestshot
· Hristivörn - CCD Shift stabilization
· Videoupptaka með hljóði 16:9
· Háskerpu upplausn(1280x780)
· Lithium rafhlaða-allt að 1000 myndir
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgi

FULLT VERÐ: 35.900 KR.
Tilboðsverð: 28.900 kr.

SAMSUNG
SF310-S01SE

Skjár:	13,3" LED HD 1366 x 768
Örgjörvi:	Intel® Core I 3 370M
Skjákort:	Nvidia GF 310M 512Gb
Vinnsluminni:	4Gb DDR3
Harður diskur:	320Gb 5400rpm SATA
Drif:	DVD-RW Super Multi Layer DVD skrifari
Stýrikerfi:	Windows 7 Home Premium

Kynningarverð: 169.900 kr.

CASIO EX-H15

· 14,1 milljón punkta upplausn
· 10x Optical aðdráttur
· 4x Digital (24-240mm)
· Stór 3" Super Clear LCD skjár
· 42 myndstillingar – Auto bestshot
· Hristivörn · ISO 64-3200
· Videoupptaka með hljóði 16:9
· Háskerpu upplausn (1280x720)
· 73.8 MB Innbyggt minni
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

FULLT VERÐ: 44.900 KR.
Tilboðsverð: 29.900 kr.

CASIO EX-Z800

· 14,1 milljón punkta upplausn
· 4x aðdráttarlinsa (27-108mm)
· 2,7" LCD skjár
· 15 myndstillingar – Auto bestshot
· Hristivörn - CCD Shift stabilization
· Face Detection function
· Videoupptaka með hljóði 16:9
· Háskerpu upplausn(1280x780)
14.5MB innbyggt minni
Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

FULLT VERÐ: 29.900 KR.
Tilboðsverð: 24.900 kr.

SAMSUNG
SF510-S01SE

Skjár:	15,6" LED HD 1366 x 768
Örgjörvi:	Intel® Core I 3 370M
Skjákort:	Nvidia GF 310M 512Gb
Vinnsluminni:	4Gb DDR3
Harður diskur:	500Gb 5400rpm SATA
Drif:	DVD-RW Super Multi Layer DVD skrifari
Stýrikerfi:	Windows 7 Home Premium

Kynningarverð: 169.900 kr.

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON
KEFLAVÍK	MODEL-AKRANESI	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK-EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 421 1535	SÍMI 431 3333	SÍMI 456 4751	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160

tímamót

timamot@frettabladid.is

50 **NASTASSJA KINSKI** leikkona er fimmtug í dag.

„Það er sem stundum er sagt, að leikarar komist hvað næst því af fullorðnum að vera börn. Þeir leika.“

Merkisatburðir

1938 Rauð norðurljós sjást hér á landi og annars staðar í Evrópu.

1943 Kvikmyndin á Hverfanda hveli er frumsýnd í Gamla bíói og er sýnd tvisvar á dag í heilan mánuð.

1980 Kvikmyndin Land og synir er frumsýnd í Reykjavík og á Dalvík en Ágúst Guðmundsson gerir myndina eftir sögu Indriða G. Þorsteinssonar.

1990 Skógrækt ríkisins flytur til Egilsstaða. Þetta er fyrsta ríkisstofnunin sem flytur höfuðstöðvar sínar frá Reykjavík og út á land.

1990 Íslensku bókmenntaverðlaunin eru veitt í fyrsta sinn.

Mozart-óperur og söngleikjalög

SNORRI WIUM

Hádegistónleikar ungra einsöngvara í Íslensku óperunni verða næst haldnir á morgun, þriðjudaginn 25. janúar, klukkan 12.15. Efnisskráin að þessu sinni er í léttari kantinum. Þar er að finna atriði úr óperunum Brúðkaupi Fígarós og Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir W. A. Mozart, óperettunni Paganini eftir Franz Lehár og söngleikjunum Annie Get Your Gun eftir Irving Berlin og West Side Story eftir Leonard Bernstein.

Snorri Wium verður gestasöngvari á tónleikunum. Hann hefur á undanförnum árum komið reglulega fram á íslensku tónleikasviði með sína tenórrödd og tekið þátt í uppfærslum Íslensku óperunnar. Aðrir söngvarar eru Bragi Jónsson bassi, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran, Magnús Guðmundsson baritón, Rannveig Káradóttir sópran og Rósalind Gísladóttir mezzó-sópran. Undirleikari á píanó er Antonía Hevesi og aðstoð við sviðssetningu annast Sibylle Köll.

Aðgangseyrir er 1.500 kr og geta gestir keypt léttar veitingar í anddyri Íslensku óperunnar fyrir og eftir tónleikana. **- gun**

†

Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug, samúð og stuðning vegna andláts okkar elskulegu,

Guðrúnar Alísu Hansen

bónda, Elliðahvammi.

Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem önnuðust hana og sýndu henni alúð og umhyggju. Megi gæfa fylgja ykkur öllum.

Þorsteinn Sigmundsson
Aðalheiður Þorsteinsdóttir **Eiríkur Bragi Jensson**
ÚRSLITIN

Iceland Express kvenna

Hamar-Keflavík 95-63 (40-27)
Stigahæstar: Slavica Dimovska 22, Jaleesa Butler 21 (18 frák./5 stoðs./5 varin), Kristrún Sigurjóns dóttir 17, Íris Ásgeirsdóttir 12, Guðbjörg Sverris dóttir 10 (10 frák.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 8 - Jacquline Adamshick 23 (13 frák.), Birna Valgarðsdóttir 10, Pálína Gunnlaugs dóttir 9.

Grindavík-Snæfell 63-73 (31-37)
Stigahæstar: Crystal Ann Boyd 30 (18 frák./5 stoðs.), Helga Hallgrímsdóttir 16 (13 frák.) - Monique Martin 36 (11 frák./7 stolnir), Berglind Gunnarsdóttir 12 (12 frák./5 stolnir), Hildur Björg Kjartansdóttir 10.

Haukar-Fjölnir 56-59 (25-29)
Stigahæstar: Kathleen Snodgrass 18, Ragna Mar grét Brynjarsdóttir 18 (14 frák.) - Natasha Harris 22 (10 frák.), Inga Buzoka 15 (11 frák.), Bergþóra Holton Tómasdóttir 11.

Stig liða: Hamar 28, Keflavík 22, KR 16, Haukar 12, Snæfell 12, Njarðvík 8, Grindavík 6, Fjölnir 6.

N1-deild kvenna í handb.

Fram-HK 30-20 (16-10)
Markahæstar: Karen Knútsdóttir 8, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 4, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Pavla Nevarilova 4 - Elín Anna Baldursdóttir 8,

Valur-Haukar 43-17 (22-7)
Markahæstar: Rebekka Rut Skúladóttir 8, Hrafn hildur Ósk Skúladóttir 7, Dagný Skúladóttir 4, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Hildigunnur Einarsdóttir 4, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 4 - Erla Eiríksdóttir 4, Katerina Baumruk 4.

ÍR-Fylkir 16-39 (7-18)
Markahæstar: Silja Ísberg 5, Sif Jónsdóttir 5, Elzabita Kowal 4 - Sunna María Einarsdóttir 7, Sunna Jónsdóttir 7, Arna Valgerður Erlingsdóttir 5, Jóhanna Tryggvadóttir 4, Indíana Jóhannsdóttir 4.

FH-Stjarnan 20-33 (12-13)
Markahæstar: Heiðdís Rún Guðmundsdóttir 10, Bergliond Ósk Björgvinsdóttir 4 - Sólveig Lára Kjærnested 6, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6, Elísabet Gunnarsdóttir 6, Jóna Margrét Ragnars dóttir 5.

STAÐAN Í DEILDINNI

Valur	**11**	**10**	**0**	**1**	**400-199**	**20**
Stjarnan	11	10	0	1	377-219	20
Fram	**11**	**10**	**0**	**1**	**388-283**	**20**
Fylkir	11	7	0	4	328-275	14
ÍBV	**11**	**5**	**1**	**5**	**273-315**	**11**
HK	11	4	1	6	292-321	9
FH	**11**	**4**	**0**	**7**	**263-287**	**8**
Haukar	11	3	0	8	241-324	6
Grótta	**11**	**1**	**0**	**10**	**238-352**	**2**
ÍR	11	0	0	11	173-398	0

Þriðja þrenna Berbatov

Manchester United og Arsenal fóru létt með andstæðinga sína um helgina. Darren Bent fékk draumabyrjun hjá Aston Villa þegar Manchester City missteig sig á Villa Park. Liverpool vann fyrsta sigur sinn undir stjórn Kenny Dalglish.

FÓTBOLTI Dimitar Berbatov og Robin van Persie voru menn helgarinnar í enska boltanum en báðir skoruðu þeir þrennur. Berbatov hefur verið sjóðheitur á þessu tímabili og bætti þremur mörkum í safnið er Manchester United styrkti stöðu sína á toppnum með 5-0 sigri gegn Birmingham á Old Trafford.

United situr á toppi deildarinnar með 48 stig eftir 22 leiki og hefur ekki tapað leik á tímabilinu. Berbatov er kominn með 17 mörk í deildinni og hefur líklega aldrei leikið betur, en þetta var þriðja þrennan hans á Old Trafford í vetur.

„Berbatov var magnaður. Við fórum ekki nógu vel með færin en það er ekki hægt að kvarta yfir útslitum leiksins," sagði Sir Alex Ferguson kátur eftir leikinn en meðal annars fór Wayne Rooney illa með gott færi. „Ég vona að mörkin fari að koma hjá Rooney því hann á það skilið. Hann lék frábærlega í leiknum og vann vel fyrir liðið."

Arsenal sækir á United eftir 3-0 sigur gegn Wigan Athletic á heimavelli. Hollenski framherjinn Robin van Persie hefur nú skorað sex mörk í fjórum leikjum eftir að hafa skorað þrennu gegn Wigan. Arsenal lék frábærlega í leiknum og hefði í raun átt að skora fleiri mörk. Van Persie misnotaði vítaspyrnu áður en hann fullkomnaði þrennuna skömmu síðar.

„Við vorum frábærir og verðum sterkari með hverjum leiknum sem líður. Van Persie er kominn aftur í sitt besta form og það er mikilvægt fyrir okkur. Ég vona að hann komist ómeiddur í gegnum tímabilið," sagði Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, eftir leikinn.



KOMINN Í SITT BESTA FORM Arsenal-menn fagna því að Robin van Persie sé búinn að ná sér að fullu af meiðslunum. Hann skoraði þrjú um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

DIMITAR BERBATOV Búlgarinn er búinn að skora 3 mörkum meira en næsti maður, Carlos Tevez. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Liverpool komst aftur á sigurbraut með 0-3 útisigri gegn Wolves. Þetta var fyrsti útisigur Liverpool frá því í lok október í öllum keppnum og vonast stuðningsmenn liðsins að Kenny Dalglish sé að takast að snúa gengi liðsins á rétta braut. Fernando Torres skoraði tvívegis fyrir Liverpool og Portúgalinn Raul Meireles skoraði svo eitt af mörkum tímabilsins með þrumuskoti.

Darren Bent fékk sannkallaða draumabyrjun er hann skoraði sigurmark Aston Villa gegn Manchester City í sínum fyrsta leik fyrir félagið. Hann var seldur frá Sunderland fyrir metfé í vikunni og byrjar ferilinn hjá Villa með stæl. City missti hins vegar af þremur mikilvægum stigum í baráttunni um Englandsmeistaratitilinn. **- jjk**

ÚRSLIT Í ENSKA

Enska úrvalsdeildin

Arsenal-Wigan 3-0
1-0 Robin van Persie (21.), 2-0 Robin van Persie (58.), 3-0 Robin van Persie (85.)

Blackpool-Sunderland 1-2
0-1 Kieran Richardson (15.), 0-2 Kieran Richard son (35.), 1-2 Charlie Adam, víti (85.)

Everton-West Ham 2-2
0-1 Jonathan Spector (25.), 1-1 Diniyar Bilyaletdinov (77.), 1-2 Frédéric Piquionne (84.), 2-2 Marouane Fellaini (90.)

Fulham-Stoke 2-0
1-0 Clint Dempsey (33.), 2-0 Dempsey, víti (56.)

Manchester United-Birmingham 5-0
1-0 Dimitar Berbatov (2.), 2-0 Dimitar Berbatov (31.), 3-0 Ryan Giggs (45.+1), 3-0 Dimitar Berbatov (52.), 5-0 Nani (76.)

Newcastle-Tottenham 1-1
1-0 Coloccini (59.), 1-1 Aaron Lennon (90.+1)

Wolves-Liverpool 0-3
0-1 Fernando Torres (36.), 0-2 Raúl Meireles (50.), 0-3 Fernando Torres (90.+1)

Blackburn-West Brom 2-0
1-0 Sjálfsmark (40), 2-0 David Hoilett (47.)

STAÐA EFSTU LIÐA Í DEILDINNI:

Man. United	**22**	**13**	**9**	**0**	**48-19**	**48**
Arsenal	23	14	4	5	48-22	46
Man. City	**24**	**13**	**6**	**5**	**37-20**	**45**
Chelsea	22	11	5	6	38-19	38
Tottenham	**23**	**10**	**8**	**5**	**32-26**	**38**
Sunderland	24	9	10	5	28-24	37
Blackburn	**24**	**9**	**4**	**11**	**31-37**	**31**
Newcastle	23	8	6	9	36-33	30
Bolton	**23**	**7**	**9**	**7**	**34-31**	**30**
Stoke City	23	9	3	11	28-28	30
Liverpool	**23**	**8**	**5**	**10**	**30-31**	**29**
Blackpool	22	8	4	10	32-38	28
Everton	**23**	**5**	**12**	**6**	**27-29**	**27**

Enska b-deildin

Portsmouth-Leeds 2-2
Hermann Hreiðarsson sat allan tímann á bekkn um hjá Portsmouth.

Reading-Hull 1-1
Ívar Ingimarsson sat á bekknum en Brynjar Björn Gunnarsson er meiddur.

Queens Park Rangers - Coventry 2-1
Heiðar Helguson (QPR) og Aron Einar Gunnarson (Coventry) léku báðir allan leikinn.

Hvers vegna?

Á þessi fjölskylda að líða fyrir það að fyrirvinnan er sjómaður?

Á meðan opinberir starfsmenn halda skattfrjálsum dagpeningum óskertum ræðst ríkisstjórnin á sjómannaafsláttinn

Þessari aðför að sjómönnum mótmælum við!

SJÓMANNA- OG VÉLSTJÓRAFÉLAG GRINDAVÍKUR

HM Í HANDBOLTA

Milliriðill eitt

Ísland-Þýskaland	24-27 (13-15)

Mörk Íslands (Skot): Alexander Petersson 7 (12), Róbert Gunnarsson 5 (5), Ólafur Stefánsson 4/2 (7/2), Arnór Atlason 4 (8), Guðjón Valur Sigurðsson 2 (3), Aron Pálmarsson 2 (7).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 15/1 (41/3, 37%).
Hraðaupphlaupsmörk: 4 (Guðjón Valur 2, Ólafur, Alexander)
Fiskuð víti: 2 (Róbert, Snorri Steinn)
Brottvísanir: 4 mínútur.
Mörk Þýskalands (Skot): Christian Sprenger 5 (8),Holger Glandorf 4 (5), Sebastian Preiss 4 (6), Michael Kraus 4/2 (9/3), Dominik Klein 3 (4), Adrian Pfahl 3 (4), Pascal Hens 2 (6), Jacob Heinl 1 (2), Michael Haass 1(4).
Varin skot: Silvio Heinevetter 15 (38/2, 39%)
Hraðaupphlaupsmörk: 7 (Sprenger 3, Pfahl 2, Klein, Heinl)
Fiskuð víti: 3 (Preiss 2, Hens)
Brottvísanir: 6 mínútur.

Spánn-Noregur	32-27 (15-12)
Frakkland-Ungverjaland	37-24 (18-13)

STAÐAN

Frakkland	**3**	**2**	**1**	**0**	**95-75**	**5**
Spánn	3	2	1	0	86-79	5
Ísland	**3**	**2**	**0**	**1**	**85-75**	**4**
Þýskaland	3	1	0	2	74-80	2
Ungverjaland	**3**	**1**	**0**	**2**	**76-92**	**2**
Noregur	3	0	0	3	72-87	0

LEIKIR DAGSINS

Ísland-Spánn	**Klukkan 15.00**
Ungverjaland-Þýskaland	17.15
Noregur-Frakkand	**19.30**

Milliriðill tvö

Króatía-Argentína	36-18 (19-6)
Serbía-Svíþjóð	24-28 (13-12)
Danmörk-Pólland	28-27 (15-9)
Svíþjóð-Króatía	29-25 (14-12)
Argentína-Danmörk	24-31 (12-17)
Pólland-Serbía	27-26 (10-11)

STAÐAN

Danmörk	**4**	**4**	**0**	**0**	**127-107**	**8**
Svíþjóð	4	3	0	1	103-97	6
Pólland	**4**	**2**	**0**	**2**	**99-101**	**4**
Króatía	4	1	1	2	114-105	3
Argentína	**4**	**1**	**0**	**3**	**92-113**	**2**
Serbía	4	0	1	3	101-114	1

Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði er ekki mjög kvíðinn fyrir Spánverjaleikinn:

Getum vel unnið Spánverja

HM 2011 Ólafur Stefánsson og félagar í íslenska landsliðinu voru í sárum í gær en efuðust ekkert um að þeir myndi rífa sig upp fyrir leikinn í dag.

„Sárin eru að gróa eftir Þjóðverjaleikinn en það er enn meira fyrir höndum eftir þennan leik. Kvöldið var erfitt," sagði Ólafur Stefánsson við Fréttablaðið í gær en hann var að reyna að hrista af sér vonbrigðin gegn Þjóðverjum.

„Við gerðum eiginlega allt rangt gegn Þjóðverjum nema Bjöggi í markinu sem var góður. Það er margt að laga og við vitum líka að ef við spilum eins vel og við getum þá er það góður möguleiki að vinna Spánverjana." Þó svo að strákarnir hafi verið niðurlútir í gær þekkja þeir flestir þær sveiflur sem fylgja svona mótum og Ólafur vonast til að leikmenn mætir tilbúnir í slaginn.

ÓLAFUR STEFÁNSSON Hefur unnið Spánverja tvisvar á stórmótum, á HM 1997 og ÓL 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta verður hörkuleikur. Ef vörnin heldur og við höldum breidd og gerum það sem ætlast er til kvíði ég ekki svo miklu. Við þurfum líka að skjóta vel því þeir eru með toppmarkmenn. Það er margt sem þarf að varast. Þetta verður spennandi leikur," sagði Ólafur en báðir markverðir spænska liðsins spiluðu með honum hjá Ciudad Real á sínum tíma.

Íslandi hefur gengið nokkuð vel gegn Spánverjum en það telur ekkert í dag. „Það átti að gera það gegn Þjóðverjum en það telur greinilega lítið hvað gerðist áður. Maður verður því að peppa sig upp." - hbg

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÁBÆR MARKVARSLA OG FRÁBÆR MYND Björgvin Páll Gústavsson ver hér víti frá Þjóðverjanum Michael Kraus með höfðinu.

ÞETTA ER ÚRSLITALEIKUR

Það er allt undir hjá strákunum okkar í dag er liðið mætir Spáni. Strákarnir verða að vinna til þess að halda draumnum um að komast í undanúrslit á lífi.

HM 2011 Íslenska landsliðið gerði sitt besta í gær til þess að gleyma vonbrigðunum gegn Þýskalandi. Strákarnir fengu ekki að losna strax við leikinn því í gærmorgun var haldinn myndbandsfundur þar sem farið var yfir leikinn gegn Þjóðverjum.

Í kjölfarið var tekin æfing þar sem liðið æfði þá hluti sem þurfa að vera í lagi gegn Spánverjum í dag. Síðar um daginn var svo haldinn annar fundur áður en liðið fór saman út að borða en strákarnir snæddu íslenskt lambalæri.

„Nóttin eftir Þjóðverjaleikinn var löng og erfið. Ég er feginn að hún er búin. Ég hlakka til að takast á við Spánverjana. Eftir svona leik eins og gegn Þýskalandi vill maður koma til baka. Við erum búnir að fara yfir Þjóðverjaleikinn og skoðuðum Spánverjana í framhaldinu," sagði Guðmundur en hann er fullmeðvitaður um að leikurinn í dag er hreinn úrslitaleikur, ætli liðið að eygja von um að komast í undanúrslit.

„Þetta er úrslitaleikur og við förum í hann þannig. Við erum staðráðnir í að bæta fyrir leikinn gegn Þýskalandi, sem var okkar langslakasti leikur á þessu móti. Því miður kom sá leikur í þetta mikilvægum leik."

Spánverjar hafa verið mjög vaxandi á þessu móti og spilað sterkan varnarleik. Sérstaklega hefur 5/1 vörnin þeirra verið mögnuð og Frakkar lentu til að mynda í stórkostlegum vandræðum gegn henni.

„Hún hefur verið frábær og þeir spila tvær útgáfur af henni. Þeir gætu líka spilað 6/0 vörn á móti okkur þannig að við erum tilbúnir fyrir þrjú varnarafbrigði. Það verður bara gaman að glíma við það," sagði Guðmundur en hvaða breytingar vill hann sjá hjá sínu liði í dag?

„Ég vil að menn komi með meiri grimmd í leikinn. Ég fékk slæma tilfinningu skömmu fyrir leik gegn Þjóðverjum að menn væru ekki nægilega grimmir. Mér fannst vanta á grimmd í vörninni og við vorum á eftir í öllum aðgerðum. Sóknarleikurinn þarf líka að vera miklu beittari og sóknarleikurinn þarf að vera betri þar sem boltinn fær að ganga betur. Ég var óánægður með hvernig við spiluðum kerfin. Menn voru ekki að spila það sem búið er að æfa. Við höfum farið yfir þetta og vonandi kemur það sama ekki fyrir aftur."

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason
fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is

SNORRI STEINN Þurfti að fá meðferð í miðjum Þjóðverjaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Strákarnir okkar í Svíþjóð:

Fengu íslenskt lamb í gær

HM 2011 Strákarnir okkar lögðu hótelfæðið til hliðar í gær og gæddu sér á dýrindis íslensku lambalæri sem HSÍ hafði komið til Svíþjóðar.

„Þau verða elduð eins og mamma gerði það. Vonandi hjálpar það okkur í leiknum gegn Spánverjum," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari en hann var orðinn mjög spenntur fyrir matnum.

Hann stóð í ströngu í gær því hann átti fund með yfirmanni dómaramála þar sem hann kom á framfæri kvörtun vegna serbnesku dómaranna í leik Íslands og Þýskalands. Guðmundur og félagar voru búnir að klippa saman myndband með helstu dómum sem klikkuðu í leiknum.

Það mun ekki skila neinu en Guðmundi fannst engu að síður nauðsynlegt að koma á framfæri kvörtun í stað þess að sitja þegjandi undir þeirri dómgæslu sem boðið var upp á. - hbg

FRÁBÆRIR Í GÆR Svíar eru komnir í undanúrslit eftir sigur á Króatíu. MYND/AFP

HM í handbolta í gærkvöldi:

Danir og Svíar í undanúrslitin

HM 2011 Danir tryggðu bæði sér og Svíum sæti í undanúrslitum í gærkvöldi þrátt fyrir að ein umferð sé enn eftir í milliriðlinum. Svíar höfðu unnið 29-25 sigur á Króötum í frábærum leik og Danir unnu síðan 31-24 sigur á Argentínumönnum.

Danir hafa unnið alla sjö leiki sína á HM og sigur þeirra á Argentínu þýðir líka að ekkert lið getur náð Svíum. Pólverjar geta aðeins náð Svíum að stigum og Svíar verða alltaf ofar, verði þau jöfn, þökk sé 24-21 sigri á pólska liðinu í riðlakeppninni. - óój

Fyrsta tap Íslands á HM 2011:

Skoruðu ekki í tólf mínútur

HM 2011 Íslenska landsliðið tapaði 24-27 á móti Þjóðverjum í fyrsta leiknum sínum í milliriðli. Ísland skoraði tvö fyrstu mörkin en Þjóðverjar svöruðu með sex mörkum í röð og héldu frumkvæðinu síðan út leikinn.

„Þetta er hálfömurleg og leiðinleg tilfinning. Mér finnst við hafa verið að tapa fyrir liði sem er ekki betra en við," sagði Guðjón Valur Sigurðsson.

Íslensku strákarnir náðu að jafna leikinn í 18-18 en þá tryggðu Þjóðverjar sér í raun sigurinn með því að loka á íslensku sóknina í rúmlega tólf mínútur og ná í kjölfarið fimm marka forskoti. „Við erum að elta allan leikinn. Ég hélt við værum að komast í gang þegar við jöfnuðum en við vorum nokkuð frá okkar besta. Við vorum bara ekki nógu góðir," sagði Ólafur Stefánsson. - óój, hbg

Baráttukveðjur frá VÍS!

Strákarnir okkar eru svo skemmtilega ólíkir og okkur þykir óskaplega vænt um þá alla. VÍS er stoltur styrktaraðili íslenska landsliðsins á HM í Svíþjóð.



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

ÁFRAM ÍSLAND

STRÁKARNIR OKKAR STYÐJA ÍSLENSKA FRAMLEIÐSLU

mediline+

heilsurúm 160 x 200 cm

Verð frá kr. **121.936**

Innifalið: Heilsudýna, botn og lappir.

Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði

MasterCard VISA

LYSTADÚN Marco

ÚTSALA **20-70%** afsláttur

mediline+

Heilsudýnurnar eru hannaðar með það að leiðarljósi að hægt sé að mæta kröfum ólíkra einstaklinga, sem geta samt notað sameiginlega heilsudýnu. **Nýjir möguleikar sem hafa ekki verið í boði áður.**

+ Hægt að breyta stífleika dýnu
+ Þarf ekki að snúa
+ Lagar sig fullkomnlega að líkamanum
+ Styður þétt við bak og mjóhrygg
+ Hægt að taka dýnuver af og þvo
+ Möguleiki á tveimur mismunandi stífleikum í sömu dýnunni

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Opið virka daga: 10-18 og laugard.: 11-16

> Daniel Craig

„Ég hef andstyggð á skammbyssum. Skammbyssur eru notaðar til að skjóta fólk og á meðan þær eru til mun fólk skjóta hvert annað."

Daniel Craig fer með hlutverk James Bond, sem þarf að koma í veg fyrir að ófyrirleitinn kaupsýslumaður vinni pókermót og fái þar með vinningsféð til að fjármagna hryðjuverk í kvikmyndinni Casino Royale sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON FYLGIST MEÐ HM Í HANDBOLTA

Ekki breyta út af vananum!

Ég mundi líklega teljast nokkuð vanaföst manneskja. Mér finnst gott að vita af hverjum hlut á sínum stað, notalegt að fylgja sömu venjunum á hverjum morgni og ganga sömu leiðina frá vinnu. Auk þess að vera vanaföst er ég þess fullviss að ef ég breyti út af vananum geti það haft stórkostlega slæmar afleiðingar í för með sér. Þetta á sérstaklega við um úrslit íþróttaleikja.

Undanfarið hef ég horft á leiki íslenska landsliðsins í handbolta heima hjá mér og í sama sætinu. Stundum hafa vinkonur mínar haldið mér félagsskap (alltaf þær sömu) og allar pössum við upp á að breyta ekki út af vananum, það þýðir að ein má ekki klæðast ólukkukjólnum og hin þarf að fela andlitið ofan í hálsklútnum ef illa gengur.

Á laugardaginn ákvað ég þó að láta til leiðast og horfa á leik Íslendinga og Þjóðverja á öldurhúsi hér í borg. Fólk hafði talið mér trú um að það myndaðist svo gríðarlega góð stemning þegar menn kæmu svona saman til að hvetja liðið sitt áfram. Þetta byrjaði svo sem ágætlega, strákar komu sér í gírinn með nokkrum háværum „koma svo" og svolitlu lófaklappi og stúlkur tóku andköf í hvert sinn sem Alex kom í mynd. Þegar fólkið hafði komið sér fyrir í sætum sínum hófst loks leikurinn og líkt og flestir vita lauk honum með fyrsta tapi íslenska liðsins á Heimsmeistaramótinu.

Þessi úrslit ýta aðeins undir þá trú mína að aldrei megi breyta út af vananum því það muni aðeins hafa eitthvað slæmt í för með sér. Næsti leikur íslenska landsliðsins fer fram í dag og mæta þeir þá Spánverjum og ég biðla hér með til samlanda minna; ekki breyta út af vananum!

SJÓNVARPIÐ

16.40 Eva María og Lilla Hegga (e)
17.20 Landinn. (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Sammi (38:52)
18.07 Franklín (48:65)
18.30 Sagan af Enyó (4:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
19.55 Er olían á þrotum? (2:2) Frönsk heimildamynd í tveimur hlutum. Hér grennslast rannsóknarblaðamaðurinn og metsöluhöfundurinn Eric Laurent fyrir um hvað hefur orðið um olíuiðnaðinn í heiminum síðan verðsprengingin mikla varð árið 1973.
20.55 Dönsk tíska í New York Þáttur um sýningu danskra fatahönnuða í New York.
21.25 Svona á ekki að lifa (4:6) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjörugt ímyndunarafl sem á erfitt með að fóta sig í lífinu. Höfundur og aðalleikari þáttanna er Dan Clark.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Lukkubær (7:8) Bandarísk þáttaröð. Aðstoðarlögreglustjóri í smábæ í Minnesota situr uppi með nokkur óupplýst barnaránsmál frá liðnum árum.
23.00 Þýski boltinn Mörk og tilþrif úr síðustu leikjum í Bundesligunni.
00.00 Kastljós (e)
00.15 Fréttir (e)
00.25 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

08.00 Scoop
10.00 Fjölskyldubíó: Artúr og Mínímóarnir
12.00 Back to the Future II
14.00 Scoop
16.00 Fjölskyldubíó: Artúr og Mínímóarnir
18.00 Back to the Future II
20.00 The Cable Guy
22.00 Casino Royale
00.20 Hitman
02.00 Ask the Dust
04.00 Casino Royale

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lie to Me (10:22)
11.00 White Collar
11.45 Falcon Crest (11:28)
12.35 Nágrannar
13.00 So You Think You Can Dance (6:23)
14.20 So You Think You Can Dance (7:23)
15.10 ET Weekend
15.55 Barnatími Stöðvar 2
16.45 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.10 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (4:19)
19.45 The Big Bang Theory (7:17)
20.10 Extreme Makeover: Home Edition (10:25) Fimmta þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
20.55 Undercovers (8:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrverandi CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles.
21.40 The Deep End (6:6) Áhrifaríkk þáttaröð um fimm unga og ákafa lögfræðinga og þeirra baráttu í að ná árangri.
22.25 Tripping Over (2:6)
23.10 Amazing Journey: The Story of The Who
01.10 The Bill Engvall Show (7:8)
01.35 Modern Family (8:24)
02.00 Chuck (10:19)
02.45 Burn Notice (5:16)
03.30 White Collar
04.15 Undercovers (8:13)
05.00 The Simpsons
05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Mallorca
10.10 Svíþjóð - Króatía
11.35 Argentína - Danmörk
13.00 Samantekt
14.00 Upphitun Þorsteinn J. fær til sín handboltasérfræðinga og aðra góða gesti til að hita upp fyrir leiki dagsins á HM í handbolta.
14.50 Ísland - Spánn Bein útsending frá leik Íslendinga og Spánverja í milliriðli 1 á HM í handbolta.
16.30 Samantekt Bein útsending frá handboltastúdíói þar sem Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir leik okkar manna.
17.30 Ungverjaland - Þýskaland Útsending frá leik Ungverja og Þjóðverja í milliriðli 1 á HM í handbolta. Leikurinn fór fram fyrr í dag.
19.20 Noregur - Frakkland Bein útsending frá leik Norðmanna og Frakka í milliriðli 1 á HM í handbolta.
21.00 Spænsku mörkin
21.50 Ísland - Spánn
23.15 Samantekt
00.15 Ungverjaland - Þýskaland
01.40 Noregur - Frakkland

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Blackburn - WBA
16.05 Arsenal - Wigan
17.50 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
18.50 Premier League Review 2010/11
19.50 Bolton - Chelsea Bein útsending frá leik Bolton og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Premier League Review 2010/11
23.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
23.30 Bolton - Chelsea

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (97:175)
08.45 Rachael Ray (173:175)
09.30 Pepsi MAX tónlist
15.55 7th Heaven (5:22)
16.40 Rachael Ray (174:175)
17.25 Dr. Phil (98:175)
18.10 Married Single Other (3:6)
19.00 Judging Amy (4:22)
19.45 Will & Grace (9:22) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
20.10 90210 (12:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
20.55 Life Unexpected (8:13) Bandarísk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli.
21.45 CSI (2:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
22.35 Jay Leno
23.20 Dexter (10:12) Fimmta þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið.
00.10 Flashpoint (16:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar.
00.55 Will & Grace (9:22)
01.20 Life Unexpected (8:13)
02.05 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

08.45 Bob Hope Classic (5:5)
11.45 Golfing World (4:240)
13.25 Bob Hope Classic (5:5)
16.25 PGA Tour - Highlights (2:45)
17.20 Golfing World (5:240) SkjárGolf sýnir daglegan fréttaþátt, alla virka daga, þar sem fjallað er um allt það nýjasta úr heimi golfsins.
18.10 Golfing World (6:240)
19.00 Bob Hope Classic (5:5)
22.00 Golfing World (6:240)
22.50 PGA Tour Yearbooks (9:10)
23.35 Golfing World (6:240)
00.25 ESPN America
00.30 Golfing World (6:240)
06.00 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
20.15 ER (12:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Chase (4:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnunum. Þeir geta hlaupið en þeir geta ekki falið sig. Hún er klók kúrekastelpa frá Texas, með stórt hjarta, ótrúlegan persónuleika og hún mun hafa hendur í hári glæpamannanna fyrr en seinna.
22.35 Numbers (13:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðisérí sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
23.20 Mad Men (8:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
00.10 ER (12:22)
00.55 The Doctors
01.35 Sjáðu
02.00 Fréttir Stöðvar 2
02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Tveir gestir Júlíus Júlíusson spjallar við Kristján Eldjárn Hjartarson, göngugarp.
18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur.
19.00 Fróðleiksmolinn

iNN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
20.30 Island safari
21.00 Frumkvöðlar
21.30 Eldhús meistaranna

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 14.50
Ísland - Spánn

Bein útsending frá leik Íslendinga og Spánverja á HM í handbolta. Liðin mættust í eftirminnilegum undanúrslitaleik á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008. Þá höfðu Íslendingar betur, 36:30, og nú verða „strákarnir okkar" að taka á öllu sem þeir eiga til að endurtaka leikinn.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

11.55 Doctor Who **12.40** Deal or No Deal **13.15** Deal or No Deal **13.50** Whose Line Is It Anyway? **14.15** Whose Line Is It Anyway? **14.40** Only Fools and Horses **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Doctor Who **16.30** New Tricks **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Catterick **20.30** Torchwood **21.20** The Office **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** New Tricks **23.35** EastEnders **00.05** The Catherine Tate Show **00.35** Catterick **01.05** Torchwood

DR 1

11.00 DR Update - nyheder og vejr **11.10** 21 Søndag **12.00** By på Skrump **12.30** Den lille forskel **13.00** Den store dag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Enæggede tvillinger **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Babar **15.30** Ni-Hao Kai Lan **15.55** Johannas husdyr **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det søde liv **17.00** Jamie Olivers eget køkken **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Jamie Olivers skolemad **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt med VM Håndbold **21.10** Hercule Poirot **22.45** OBS

NRK 1

11.10 Sjukehuset i Aidensfield **12.00** NRK nyheter **12.05** The Norwegian Solution **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Folk **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Lyngbø og Hærlands Big Bang **16.00** NRK nyheter **16.10** På tro og are **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Puls **19.15** Kjendisbarnevakten **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Koselig med peis **21.30** Håkon & Haffners byggeklosser **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kalde spor

SVT 1

11.05 Sportspegeln **11.35** Sverige! **12.05** Hon kom som en vind **13.40** Hipp Hipp **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** En idiot på resa **15.55** Minuten **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Guldbaggen 2011 **21.00** Sexualkunskap **21.30** Hotellpraktikanterna **22.00** Morden i Midsomer **23.30** Big Love **00.30** Kärlek på beställning **01.30** Den kubanske översten, den ryske generalen...

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

512 5100 STOD2.IS VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Það er Keeping up with the Kardashians, ég held nefnilega að ég sé týnda Kardashian-systirin. Og vinkonur mínar eru alveg sammála því.“

Eygló Ólöf Birgisdóttir, skólastjóri Förðunarskólans.

Atli Rafn og Laddi landa stórum hlutverkum

Atli Rafn Sigurðarson og Þórhallur Sigurðsson, Laddi, hafa verið ráðnir í tvö stærstu hlutverkin í teiknimyndinni Þór sem framleiðslufyrirtækið Caoz er að gera. Atli Rafn mun tala fyrir Þór og Þórhallur verður Mjölnir.

„Við prófuðum ansi marga fyrir hlutverkin en að endingu stóðu þessir tveir upp úr,“ segir annar leikstjóri myndarinnar, Óskar Jónasson. Laddi hefur auðvitað farið á kostum í mörgum teiknimyndum og margir muna eftir eftirminnilegri frammistöðu hans sem lampinn í Aladdin.

Teiknimyndin Þór verður dýrasta teiknimyndin sem Íslendingar hafa ráðist í enda er unnið á þremur stöðvum í Evrópu, aðalbækistöðvarnar eru á Íslandi en svo vinnur tæknilið baki brotnu á Írlandi og í Þýskalandi. Óskar segir það óneitanlega svolítið sérstakt og skrýtið fyrir sig, leikstjóra af gamla skólanum, að vinna við teiknimyndagerð þar sem sjö teiknaðar sekúndur í myndinni þykja gott vikuverk.

„Ég er sem betur fer þolinmóður gæi að upplagi. Nei, nei, maður verður bara að passa sig að missa ekki tengslin og það er kannski ágætt að maður sé kominn í svona „live-motion“ verkefni samfara þessu,“ segir Óskar en eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardaginn leikstýrir hann sjónvarpsþáttaröðinni Pressu. - fgg

GOTT TEYMI Atli Rafn mun tala fyrir Þór í væntanlegri teiknimynd um þrumuguðinn en Laddi bregður sér í líki Mjölnis. Óskar Jónasson leikstýrir teiknimyndinni og segir þá tvo hafa staðið upp úr í prufunum.

Flýgur út í febrúar

Söngvarinn Geir Ólafsson hefur verið bókaður á tvenna tónleika í Los Angeles í febrúar og stefnir á að syngja á einum til viðbótar. Fyrst syngur hann í djassklúbbnum The Baked Potato 5. febrúar og síðan á veitingastaðnum D´inks í Palm Springs 12. febrúar. Í bæði skiptin spilar með Geir vinur hans Don Randi, fyrrverandi píanisti Franks Sinatra og eigandi The Baked Potato, ásamt hljómsveitinni The Quest. Á seinni tónleikunum syngur tónlistarmaðurinn Birgir Gunnarsson með Geir en Birgir hefur verið búsettur í Bandaríkjunum í tæp þrjátíu ár.

Geir flýgur vestur um haf 2. febrúar og hlakkar mikið til. „Ég verð alla vega í hálfan mánuð ef Guð lofar. Þrennir tónleikar með svona dæmi og á alvöru stöðum er ómetanlegt.“ Með honum í för verður Friðrik Grétarsson sem er að vinna að heimildarmynd um samstarf Geirs og Randi, sem kom hingað til lands á síðasta ári og spilaði á Broadway. Stefnt er að útgáfu á myndinni síðar á þessu ári. - fb

GEIR ÓLAFSSON Söngvarinn flýgur til Bandaríkjanna 2. febrúar.

Í PORTÚGAL Bloodgroup var stödd í Portúgal þegar Fréttablaðið náði sambandi við hljómsveitina. Næsta stopp verður á Spáni.

MYND/HEIÐA HELGADÓTTIR

RAGNAR LÁKI: ÉG HEF ALDREI Á ÆVINNI HEYRT MEIRI HÁVAÐA

Bloodgroup spilaði fyrir 2.000 tryllta námsmenn

„Það var svo mikill hávaði að heyrnin í mér datt út á tímabili,“ segir Ragnar Láki, einn af hljómborðsleikurum hljómsveitarinnar Bloodgroup.

Bloodgroup er nú á heljarinnar tónleikaferðalagi um Evrópu sem stendur yfir í meira en mánuði. Hljómsveitin fór til Frakklands í síðustu viku og þaðan til Porto í Portúgal þar sem hún kom fram fyrir 2.000 tryllta námsmenn. „Það var allt vitlaust. Ég hef aldrei á ævinni heyrt meiri hávaða en í áhorfendum eftir tónleikana,“ segir Ragnar.

Bloodgroup hélt svo til Lissabon og svo áleiðis til Spánar. Ragnar segir tónleikaferðalagið hafa verið mjög vel heppnað hingað til, flestir staðirnir hafa troðfyllst og tónleikarnir settu ný viðmið. „Þetta voru langstærstu tónleikarnir hingað til,“ segir Ragnar. „Þetta eru svona 200 til 500 manna staðir sem við spilum í. Svipað og meðal íslenskur tónleikastaður. Það er komin gríðarmikil gleði í mannskapinn yfir þessu.“

Það getur reynst erfitt að viðhalda góðri stemningu í hópum í löngum ferðalögum á borð við þetta, en Ragnar segir að meðlimir Bloodgroup séu ennþá sáttir. „Það er aldrei að vita hvað gerist á næstu vikum,“ bætir hann við í gríni.

Meðlimir Bloodgroup hafa nýtt frítíma sinn, sem er oftast í rútunni á milli landa, í að forrita ljósasýningu næstu tónleika. Þá hafa þau aðeins náð að fylgjast með strákunum okkar á heimsmeistaramótinu í handbolta sem fer nú fram í Svíþjóð. „Við náðum með hjálp lélegrar nettengingar á frönsku rivíerunni að sjá seinni hálfleik í einum leik,“ segir Ragnar. „Það er mjög mikilvægt að horfa á strákana.“

atlifannar@frettabladid.is

BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Stýrði umræðum með John Savage

„Ég var búin að gleyma hvað það er hrikalega gaman ad krukka í áhugaverðu fólki,“ segir Ragnhildur Magnúsdóttir, kvikmyndagerðarmaður og fyrrverandi útvarpsmaður á Bylgjunni.

Ragnhildur stundar kvikmyndanám í New York Film Academy í Los Angeles. Þar býr hún ásamt Mikael Torfasyni, unnusta sínum. Hluti námsins fer fram í Universal Studios og þar fara meðal annars fram pallborðsumræður um kvikmyndir.

„Ég var beðin um að stýra spurt og svarað með John Savage og Harold Becker í sýningarsal hjá Warner Bros,“ segir Ragnhildur. John hefur leikið í hátt í 170 bíómyndum og þáttum, þar á meðal The Deer Hunter og Hair, og Harold Becker hefur leikstýrt myndum á borð við Sea of Love með Al Pacino og Malice med Nicole Kidman. „Ég þurfti að horfa a nokkrar bíómyndir og undirbúa mig vel og þekkja feril þeirra ítarlega.“

Ragnhildur segir Becker vera viskubrunn. „Hann á mjög vandaðar myndir að baki, sagði svolítið frá sínum leikstjórapælingum, til dæmis hvernig hann vinnur með leikurum,“ segir hún. „John Savage er mjög einlægur og sjarmerandi maður, var tilbúinn að ræða alla hluti. Hann talaði um þessi stóru hlutverk sín og hvernig áhrif þau hafa haft á hann, til dæmis hlutverkið í The Deer Hunter. Það verður spennandi að sjá hvaða gestir koma næst.“ - afb

EINLÆGUR Ragga ásamt John Savage, sem hún segir hafa verið tilbúinn að ræða allt.

ÓUMFLÝJANLEGT
FRAMHALD PABBANS

SIGGI SIGURJÓNS ER AFINN

HÖFUNDUR OG LEIKSTJÓRI:
BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON

★★★★

„Sigurður Sigurjónsson er dásamlegur leikari og sýnir það hér enn og aftur“
JVJ, DV.

„Það er dauður maður sem ekki hlær að Sigurði Sigurjónssyni þegar hann gerir það sem hann kann svo vel“
SA, TMM.

„Skemmtileg sýning sem á örugglega eftir að kitla hláturtaugar áhorfenda um nokkurt skeið“
Þ, Mbl.

Tryggðu þér miða strax!

„Landsþekktur leikari með ofurskammt af Viagra gripinn í Grindavík“

mið.	26/1 kl. 20	UPPSELT	sun.	30/1 kl. 20	UPPSELT	lau.	12/2 kl. 19	laus sæti
fim.	27/1 kl. 20	UPPSELT	fim.	3/2 kl. 20	örfá sæti	fim.	17/2 kl. 20	UPPSELT
fös.	28/1 kl. 19	UPPSELT	fös.	4/2 kl. 20	örfá sæti	fös.	18/2 kl. 19	örfá sæti
fös.	28/1 kl. 22	laus sæti	lau.	5/2 kl. 19	laus sæti	lau.	19/2 kl. 19	örfá sæti
lau.	29/1 kl. 19	örfá sæti	sun.	6/2 kl. 20	laus sæti			
lau.	29/1 kl. 22	örfá sæti	fös.	11/2 kl. 19	laus sæti			

LYFJA - Lifið heil

Miðasala | **568 8000**
borgarleikhus.is

THORSSON PRODUCTIONS TP

Borgarleikhúsið

Fíton / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Lag frá Árna og félögum

Hljómsveitin The Vaccines sendir frá sér smáskífuna Post Break-Up Sex í dag. Það væri varla í frásögur færandi í þessum dálki nema fyrir þá staðreynd að bassaleikari hljómsveitarinnar heitir **Árni Hjörvar** og flutti frá Íslandi til Bretlands fyrir nokkrum misserum. Gríðarleg spenna er í Bretlandi fyrir hljómsveit Árna og félaga og hún er meðal annars í þriðja sæti á lista breska ríkisútvarpsins BBC yfir heitustu hljómsveitir ársins 2011. Nýja smáskífan hefur því ýmislegt að segja um áframhaldandi velgengni The Vaccines.

Steindi býr til stjörnur

Steindi Jr. hefur ekki látið deigan síga síðan hann lauk við framleiðslu á fyrstu seríu af skemmtiþáttunum Steindanum okkar. Eins og alþjóð veit slógu þættirnir rækilega í gegn hjá Íslendingum, ungum sem öldnum, og þótti fólki mikið til koma þegar Steindi náði að plata til sín í þáttinn stjörnur á borð við Jón Ársæl, Jóa Fel, Pál Óskar, Ladda og Sigga Hall. Nú auglýsir Steindi eftir fleiri stjörnuefnum, þar sem hann er nú að leggja lokahönd á tökur á annarri seríu af Steindanum okkar. Þeir sem vilja baða sig í sviðsljósinu með Steinda og félögum, þótt það muni ekki vara lengur en 15 mínútur, geta mætt á Den Danske Kro í dag frá klukkan 10.30 til 13.00. Steindi segist lofa þar góðri stemningu, en einungis fyrir þá sem séu orðnir 18 ára. Því það er ekkert fyndið við það að brjóta lögin.

- afb, sv

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Missti meðvitund þegar band hertist um hálsinn
2. Vann 17 milljónir í lottó
3. Staðgöngumóðir heldur barninu
4. Segir umræður um njósnatölvuna hjákátlegar
5. Lögreglumaður kvartaði undan þingmanni VG

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is